

| tíska | jól | útlit | fjölskyldan | heilsa | matur | tónlist |

birta

» heldur lagi

ÚTLIT

» blaðauki um snyrtivörur

JÓLABIRTA

» blaðauki um jólaföt

» Sammi og Solla

Systkini í lagi

SJÓNVARPSDAGSKRÁIN
2. desember – 8. desember

L' O R



Milla notar
True Match
lit N5 Sand



É

A

L

PARIS

Fyrsti farðinn frá Loréal sem **aðlagar** sig fullkomlega að lit og áferð húðar.

NÝTT true match

Sérstök blanda sem veitir fullkomna förðun



HVAÐ ER NÝTT

Farði sem aðlagast áferð og lit húðarinnar fullkomlega. Léttur og þægilegur í notkun, mjög auðvelt að stýra áferð hans. Ferskur og eðlilegur, en þekur vel svo húðin virðist lýtalaus.

HVAÐ ER SATT

Einstakir 10 litatónar. Aðlaga sig fullkomlega að þínum eigin húðlit.

HVAÐ ER INN

Húðin verður strax áferðarfallegri. Örfín áferð farðans gerir húðina lýtalaus. Ríkt af B5 og E vítamínum.

HVAÐ ER ÚT

Kekkir og farði með þéttri áferð. Uppgötvaðu fallega áferð og fullkominn lit, loksins farði sem þú munt elska að nota.

Eins nálægt þínni eigin húð og nokkur farði getur verið.

ÞVÍ ÞÚ ÁTT ÞAÐ SKILIÐ.

L'ORÉAL
PARIS





...með allt fyrir jólin!

Lifandi jazz í göngugötu og jólasveinarnir koma í heimsókn alla helgina!

Laugardagur

12:00 & 14:00 Strákahljósveitin SPARK tekur nokkur lög
 15:00 Nylon og Heiða syngja jólalög
 17:00 Hljósveitin Kung Fu spilar



Sunnudagur

14:00 Strákahljósveitin SPARK tekur lagið
 15:00 Nylon og Heiða syngja jólalög



Jólagjafahandbók Kringlunnar er komin út!

Kringlan
 ER MEÐ ALLT FYRIR JÓLIN

Verslanir
Ævintýraland

Mán. til mið.
 10.00 til 18.30
 14.00 til 18.30

Fimmtudagur
 10.00 til 21.00
 14.00 til 19.00

Föstudagur
 10.00 til 19.00
 14.00 til 19.00

Laugardagur
 10.00 til 18.00
 11.00 til 18.00

Sunnudagur
 13.00 til 17.00
 13.00 til 17.00

Veitingastaðir og Kringlubíó
 hafa opið lengur á kvöldin

www.kringlan.is / upplýsingasími 588 7788 / skrifstofa 568 9200



24



16



40



30

Petta helst

- 7 Slökun í heitum potti
- 8 Tíðarandinn
- 10 Brennsla Esterar Ágústsdóttur
Birta mælir með
- 12 Sígaunatískan
- 14 Jesús kemur til okkar í öllum aðstæðum
Séra Guðlaug Helga Ásgeirsdóttir

Viðtöl

- 16 Solla og Sammi
Systkini í lagi
- 20 Pamela Peeke
Konur eru öðruvísi en karlar
- 22 Hlökkver Sigurðsson
Flytur Malarastúlkuna fögru

Hann hún

- 24 Sunnudagskaffi á öðrum í aðventu
- 30 Rauðir skór
- 32 Þórhildur Elín með nýfædda dóttur
- 34 Brynhildur Björnsdóttir stingur í
samband
- 36 Heilsa
- 38 Persónuleikapróf
Er sannleikurinn sagna bestur?

Jólabirta – blaðauki um jólafötin

- 40 Fjólublár – litur aðventunnar
- 44 Jólaföt á börnin
- 46 Hvað langar hann og hana í fyrir jólin
- 50 Nei, nei ekki um jólin
- 70 Jólaskórnir

Útlit og snyrtivörur

- 58 Allt fyrir útlitið
Margrét R. Jónasdóttir
- 62 Fallegrri með hverju árinu
- 64 Hátíðaförðun
Slappað af í baði
- 73 Sjónvarpsdagskrá næstu viku

birta

2. desember - 8. desember 2005 nr. 48

ÚTGÁFUFLAG: 365 – prentmiðlar
RITSTJÓRAR: Steinunn Stefánsdóttir
steinunn@frettabladid.is
og Sigríður Björg Tómasdóttir
sigridur@frettabladid.is
ÁBYRGÐARMAÐUR: Steinunn Stefánsdóttir
RITSTJÓRN OG AUGLÝSINGAR:
Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík, sími 550 5000
DREIFING: Pósthúsið ehf., sími 585 8330

AUGLÝSINGAR:
Laila Awad / laila@365.is
Sölustjóri 550 5848 / 824 2356
Ester Sigurðardóttir / ester@365.is
Sölufulltrúi 550 5828 / 899 7600
Ámundi Ámundason / amundi@frettabladid.is
Sölufulltrúi 550 5811 / 821 7514
Henný Sif Bjarnadóttir / henny@365.is
Sölufulltrúi 550 5834 / 862 0780

UMBROT: 365 – prentmiðlar
Sigurður B. Sigurðsson og Einar Elí Magnússon
PRENTVINNSLA: Ísafoldarprentsmiðja ehf.
FORSÍÐUMYND: Hari
NETFANG: birta@frettabladid.is
Birtu er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Suðurnesjum, Akureyri, Akranesi, Borgarnesi, Selfossi og Hveragerði.



**HÖNNUNAR
SAMKEPPNI
UM LJÓSKER**

Sýning á tillögum í hönnunarsamkeppni um ljósker sem Ljóstæknifélag Íslands, Tímaritið Ljós og Orkuveita Reykjavíkur stóðu fyrir. Sýningin verður í sýningarsal Orkuveitunnar 100° - að Bæjarhálsi. Verið velkomin.



SAMKEPPNI UM LJÓSKER

Að kljúfa sig frá jólaösinni

» Ómæld vellíðan felst í að slaka á í heitum potti

Nú er jólamánuðurinn mikli, desember, loks genginn í garð. Margir hafa bedið spenntir í ellefu mánuði á meðan aðrir kvíða og naga neglur yfir stressinu sem honum fylgir. Því er ekki að neita að asinn í þjóðfélaginu eykst mikið á þessum tíma árs. Allt fram að aðfangadag og jafnvel langt fram yfir hann anar fólk um í bæði kvíða og stressi í ýmsum erindagjörðum. Þetta er þó ekki algild regla því hjá mörgum er desember einmitt tími slökunar og vellíðunar. Það má nefnilega finna af-

slappandi staði og stundir meðan jólaótröðin er í algleymingi. Heitir pottar eru einn þeirra staða því þangað má iðulega finna kyrrð og ró. Desember er einnig dimmasti mánuður vetrar og oft einnig kaldur. Að slaka á í heitum potti með allt frostið og myrkið í kringum sig er notaleg stund og undirbýr mann fyrir amstur dagsins. Þegar jólamánuðurinn gengur í garð má ekki gleyma sjálfum sér. Því er ekki úr vegi að kíkja í heitan pott, slaka aðeins á og gefa sér aðeins tíma...



heitt & kalt

Heitt
 Volgt
 Hvorki heitt né kalt
 Við stofuhita
 Ískalt



JÓLAKÖKUR Ef nú er ekki kominn tími fyrir jólakökurnar þá veit ég ekki hvað. Desember er nýggjinn í garð og þeir sem eru ekki nú þegar búnir að baka piparkökurnar, súkkalóbitakökurnar, Sörumar og allt hitt ættu sko að fara að huga allverulega að því.



KÚREKASKYRTUR eru komnar yfir á heita svæðið. Þær má finna í öllum helstu „second hand“-búðum landsins og verða því að teljast í heitari kantinum. Því kúrekalegri sem þær eru því betri, helst með flottu munstri og öllu tilheyrandi. Jíííí-haa!



JAKÓBÍNARÍNA Bæði erlendir og innlendir tónlistargagnrýnendur hafa keppt við að hrósa þessari hljómsveit og kalla hana mesta efni sem komið hefur fram í íslensku tónlistarlífi í langan tíma. Það má samt ekki gleyma því að þessir strákar eru ungir að árum og hafa enn ekki sent frá sér breiðskífu. Þá fyrst er hægt að dæma hana eftir verðleikum.



NAGLADEKK Þau spæna upp allt malbik og valda hrikalegri rykmengun í leiðinni. Loftból- og harðkornadekk virka oftast jafnvel og stundum betur. Þau menga ekkert og eyða nær engu malbiki. Þannig gætu bæjaryfirvöld eytt peningum í eitthvað annað en malbikun.



„COVER“-PLÖTUR Íslenski tónlistarmarkaðurinn er fullmettaður af ómetnaðargjörnum plötum þar sem sungin eru sígild lög í nákvæmlega sömu gömlu útfærslunum. Eina sem búið er að skipta um er söngurinn. Engir sénsar eru teknir og ekkert þor er sýnt. Þetta fer vonandi að breytast.

» Jólakort

Verum örlát á kortin

Nú er kominn tími til að huga að jólakortunum. Það er fallegur og gefandi siður að senda vinum sínum og ættingjum jólakort með góðum óskum þeim til handa. Huggulegast er að senda kort sem gerð eru með eigin hendi eða með myndum af smáfólkinu á heimilinu sé það fyrir hendi en gófugt er líka að kaupa kort líknarfélaganna og styrkja gott málefni. Hvernig svo sem kortið er þá er það kveðjan og umhyggjan sem í henni felst sem mestu máli skiptir. Verum því örlát á kortin og ekki feimin að senda jafnvel þeim sem við höfum aðeins samband við einu sinni á ári – með jólakveðju.



» Tónleikar

Ljós og hljómar á jólaföstu

Tónlist er ómissandi hluti af jólnum. Bæði jólastuðtónlistin sem er nauðsynleg þegar verið er að baka og þrifa eða í umferðarhnútnum á leið í verslunarleiðangra og ekki síður hátíðlegri tónlistin sem fylgir þessari árstíð. Kórar landsins hafa lagt margar stundir



í æfingar sem eiga eftir að skila sér í dásamlegri tónlist sem flæðir um kirkjur og tónleikasali um hverja helgi fram að jólum og stundum á virkum dögum líka. Á jóla- og aðventutónleikum er hægt að verða sér úti um frið og helgi á sálina og smá frið frá öllu stressinu og æsingnum sem fylgir jólaönsinni. Það er því þess virði að leita uppi eina góða, nú eða bara kíkja inn í næstu kirkju um helgina og sjá hvað þar er að gerast.

» Drykkur aðventunnar

Grænt aðventute

Er hrollur í þér og erfitt að komast í aðventugírinn? Þá er að verða sér úti um grænt Sanches aðventute auðugt af vítamínum og steinefnum. Helltu upp á, leyfðu vatninu að kólna örlítið, helltu því síðan yfir telaufin. Ómótstæðilegur vanillu-, kanil- og möndluilmur fyllir loftið. Ljúffengt, hlýjar manni um hjartarætur og kemur ró á sálina. Tvímælalaust drykkur aðventunnar sem kemur stemningunni í lag.



» Leti sólarinnar

Sé ekki neitt fyrir sólinni

Vissulega erum við þakklát á tímum skammdegis að sólin skuli skína endrum og eins. Sólin blekkir þó marga illa klædda út í gluggaveðrið og þessa dagana er hún lágt á lofti. Letin er ríkjandi og það er varla að sólin nenni að hífa sig upp á himininn. Letin í sólinni getur verið hvimleið fyrir bílstjóra. Með því að hanga letilega lágt á lofti kíkir sólin inn um bílrúðuna og skín beint í augu bílstjóranna með vægast sagt blindandi afleiðingum. Þó að sumarið sé búið eru sólgleraugu nauðsyn í baráttunni við þessa leti sólarinnar svo við hreinlega keyrum ekki yfir á öfugan vegarhelming og inn í bakgarð hjá grandalausum húseigendum.



Bylting

í jólaskreytingum utanhúss

SYSTEM EXPO®



Einföld samsetning,
einföld uppsetning



Gúmmikapall



Þéttleiki IP 44



20.000 klst. líftími á peru



Bylting, enginn spennubreytir
Fæst í glæru, rauðu, bláu og marglitu



www.systemexpo.com

PFAFF · BORGARLJÓŠ

Þristur, Ísafirði • Öryggi, Húsavík • KF.- Skagfirðinga, Sauðárkróki • Vík, Neskaupsstað
Arvirikinn, Selfossi • Hamrar, Grundarfirði • Ljósjafinn, Akureyri • Nesraf, Keflavík
Hs-Raf, Eskifirði • Rafbúðin Álfaskeiði, Hafnarfirði • Brimnes, Vestmannaeyjum

Grensásvegi 13 · 108 Reykjavík · Sími 414 0400 · www.pfaff.is



brennslan mín ...
Ester Ásgeirsdóttir

Lög sem segja litla sögu

Ester Ásgeirsdóttir, eða Bíbí eins og flestir kannast við hana, segir eins og margir aðrir að það hafi verið gríðarlega erfitt verk að setja saman 10 laga brennslu fyrir Birtu. „Allt í þessari brennslu segir svo mikið um mann. Þannig að maður verður að reyna að hafa allt sem passar við mann. Ég þyrfti helst að hafa útvarpsþátt í klukkutíma, þrisvar í viku, í nokkrar vikur til þess að segja smá sögu,“ segir Ester og bætir við að þess vegna hafi hún búið til brennslu með því sem hún hafi mikið verið að hlusta á að undanförunu. Ester segir að taktar skipti miklu máli í tónlist en annars lýsir Ester tónlistarsmekk sínum sem þunglyndum og súrrealískum.

- TRACK 1 LOVE IN A TRASHCAN – RAVEONETTES**
Þegar ég spila þetta lag þá bregst það ekki að ég er kominn í stuð strax eftir intro-ið.
- TRACK 2 THIS OLD HEART OF MINE – DIANA ROSS & THE SUPREMES**
Allt með The Supremes kemur mér alltaf í svo gott skap.
- TRACK 3 LASAGNE – THE KNIFE**
Skemmtilegt elektró-popp.
- TRACK 4 PLAYBOY – HOT CHIP**
Dálítið sorglegt, fallett og fyndið. Töff hljóð.
- TRACK 5 NOUVELLE VAGUE – FRIDAY NIGHT, SATURDAY MORNING**
Frábært lag, fyrst flutt með Killing Joke en er frábært í þessari útgáfu. Svart, kúl og sorglegt. Gott mánudagslag.
- TRACK 6 SUNSHOWER – M.I.A.**
Stelpu rafrokk. Töff...
- TRACK 7 TERRIBLE ANGELS – COCOROSIE**
Flott sánd og skemmtilega sungið. Bara einlægt og einfalt.
- TRACK 8 THE BLIZZARD – JIM REEVES**
Bara snilld. Smá húmor sem hefur fylgt mér lengi.
- TRACK 9 BUG-A-BOO – DESTINY'S CHILD**
Textarnir þeirra fylla mig gleði og orku.
- TRACK 10 THE CHRISTMAS SONG- THE RAVEONETTES**
Bara af því að allt með þeim er frábært og jólin eru að koma.

» birta mælir með...

... THE WOODS MEÐ SLEATER-KINNEY

Tríóð Sleater-Kinney er rötgróin hljómsveit sem hefur nú sannað sig sem eitt besta „all-girl“ hljómsveit samtímans. Stelpurnar þrjár spila hrátt gítarrokk sem er jafnframt gífurlega melódískt. The Woods er þeirra sjöunda breiðskífa og að margra mati sú besta. Hljómsveitin er spottin upp úr Riot Grrrl hreyfingunni sem hófst með hljómsveitum á borð við Bikini Kill og Bratmobile. Sleater-Kinney kunna sko sannarlega að rokka og sýna þær það best á þessari plötu og mælir Birta sérstaklega með lögnum Jumpers, Let's Call it Love og What's Mine is Yours. Stelpurnar sýna það og sanna að þótt maður sé búinn að vera lengi í bransanum þá getur maður samt gefið út framsæknar og góðar rokkplötur, án þess að hjakkast í sama farinu.



... BLÓÐBERGI EFTIR ÆVAR ÖRN JÓSEPPSON

Æsispennandi íslenskur reyfari. Lögreglulíðið sem Ævar Örn hefur sett saman er skipað skrautlegum og spennandi tþpum, lesendur þekkja þær úr fyrri bókum og gaman verður að kynnast þeim enn betur. Söguþráðurinn er hæfilega flókin, lesanda er haldið í spennu til síðustu stundar. Loks verður sérstaklega að hrósa Ævari Erni fyrir söguvið Blóðbergs. Kárahnjúkar skapa dramatíska, spennandi og kaldranalega umgjörð sögunnar. Frábær reyfari sem gerist í fjölmenningarsamfélaginu á fjöllum.



... BÓKINNI SLEPPTU MÉR ALDREI EFTIR KAZUO ISHIGURO!

Bókin segir sögu nokkurra ungmenna sem eiga hamingjusama æsku í sérkennilegum heimavistaraskóla og lítið er vitað um af hverju þau eru þar og hvað bíður þeirra þegar þau fullorðnast. Efnið og söguþráðurinn er bæði frumlegur og gripandi en það er líka eitthvað seiðandi við frásagnarháttinn í bókinni, stöðu barnanna, drauma þeirra og fjársjóði, hvernig þau verða fjölskylda hver annars og örlög þeirra sem vekja allskonar tilfinningar hjá lesandanum. Þetta er bók sem mann dreymir og verður að ræða við einhvern að lestri loknum.



NÝTT

Gleymdu vídeóinu. Gleymdu DVD tækinu. Gleymdu öllum tækjum sem komið hafa fram til þessa. Stafræn upptökutæki eru algjörlega málið í dag. Með DP-558 upptökutækið frá KISS í sjónvarpsskápnunum opnast nýjar víddir í afþreyingu. Segjum sem svo að þú sért að horfa á uppáhaldsþáttinn þinn eða góða kvikmynd og síminn hringir. Þú setur tækið á upptöku og þegar símtalinu lýkur heldur þú áfram þar sem frá var horfið. Tækið tekur upp á meðan þú horfir og þú missir ekki af neinu. Þú getur líka skipulagt upptökufæri fram í tímann til að taka upp á meðan þú ert í fríi, hlustað á útvarp, leikið leiki og spilað bíómyndir beint af netinu. Í upptökutækinu er allt að 200 gígabæta diskur sem tekur allt að 300 klukkustundir af sjónvarpsefni upp, hvernig sem þú vilt skipuleggja það.



Kynnum Eve Taylor á Íslandi



Nuddoliur, baseoliur, íblöndunaroliur,
ilmkjarnaoliur og alhliða húðvörur
fyrir alla - frá toppi til táar

Topp vörur fyrir lærða sem leikna um betri vellíðan



KARAOKE LEIGA - SALA



800 lög

Ljós og ilmur • Bíldshöfða 12 • www.Loi.is




Slökunartónlist við allra hæfi
frá hinu þekktu Global Journey



Hágæða olíulampar, ilmkerti, ilmvöx og reykelsi.
Gjafavörur á góðu verði fyrir öll tilefni.

ÖÐRUVÍSI BÚÐ • MEÐ ÖÐRUVÍSI VÖRUR



GJAFAKORT!

GEFÐU EFTIRMINNILEGA UPPLIFUN
ÞÚ GETUR VALIÐ ÚR FJÖLBREYTTRI DAGSKRÁ



BORGARLEIKHÚSIÐ

ÞÚ FINNUR VARLA GLÆSILEGRI GJÖF! Gjafakort í Borgarleikhúsið gilda endalaust

568 8000 www.borgarleikhus.is

Sígaunnasveifla

Því meira því betra

Sígaunalúkkið svokallaða sem tröllreið tískuheiminum síðastliðið sumar er síður en svo á útleið. Þessi tiskusveifla einkennist af síðum litríkum pílsum, mussum, peysum, klútum, munstri og miklu skarti. Litatónarnir hafa þó aðeins breyst með árstíðaskiptunum, brúnn og turkís eru mjög áberandi í bland við vínrault og appelsínugult.

Að klæðast sígaunastílnum frá toppi til tár er alls ekki endilega málið heldur er fullkomlega leyfilegt að blanda honum við aðra ólíka stíla eins og til dæmis Hollywoodstjörnustílinn og svarthvíta sixtísstílinn. Þar sem tískan um þessar mundir er eins fjölbreytt og raun ber vitni er allt í lagi að vera svolítið brjálaður, ekki síst núna í skammdeginu. Málið er að leyfa hugmyndafluginu að ráða, skarta því sem til er og halda slagorðinu á lofti: Því meira því betra.



- Mussa** kr. 5.490
Topshop
- Klútur** kr. 1.990
Oasis
- Hálsmen** kr. 2.990 og 1.790
Vila
- Belti** einkaeign
- Pils** kr. 5.790 Vila
- Orange armbönd**
kr. 990
Oasis
- Ljós armbönd**
kr. 949
Topshop

UMSJÓN: HILDUR HAFSTEIN



- Blá peysa** kr. 5.990
Vila
- Hálsmen** kr. 1.690
- Armbönd** kr. 1.290
Vila



- Pils** 5.290
Vila
- Orange trefill** 1.990
Topshop
- Gullklútur**
kr. 2.990 · Vila



- Sjal** 3.990 Vila
- Ýmis armbönd**



- Toppur** kr. 4.490
Topshop
- Trefill** kr. 2.590
Oasis
- Hálsmen** kr. 1.690
Topshop
- Hálsmen einkaeign**
- Armbönd** kr. 1.290
- Pils** kr. 7.990 Oasis



- Toppur**
kr. 4.490 Topshop
- Trefill** kr. 2.590
Oasis
- Hálsmen** kr. 1.690
Topshop
- Hálsmen einkaeign**
- Armbönd** kr. 1.290
- Pils** kr. 7.990 Oasis

igma
vörslun

Opnunartími svíka dags 11-18
og laugar dags 10-14

Igma 204 Hvalpungavag 8, 104 Póh.
Símanúmer: 552 2244 og Símanúmer: 552 2244
Sími: 552 2244, www.igma.is

Náttfötin
komin

Sæbraut

Dóttuvogur

Hér erum við

GERRY WEBER DRAGTIR

Jafnt í veisluna
sem og vinnuna
mörg snið

Stærðir 36-48



**BERNHARD
LAXDAL**

Laugavegi 63 • S. 551 4422

Ný og spennandi vörslun 2 hæð Firdurum

Twizzt

**Frábærar
jólagjafir**

Höfum mikið úrval af skarti, beltum, tösikum, hárskrauti, húfum, vettlingum, treflum og sokkum ásamt ýmsum öðrum sniðugum vörum.



Viðtal: GUNNÞÓRA GUNNARSDÓTTIR Myndir: E.ÓL.

Jesús kemur til okkar í öllum aðstæðum

Þótt aðventan sé yndislegur tími í hugum flestra er hún líka oft erfið þeim sem þrautir þjaka eða eiga um sárt að binda. Séra Guðlaug Helga Ásgeirsdóttir þekkir það manna best úr sínu starfi en hún hefur verið sjúkráðsprestur í sjö ár.

ER AÐVENTAN EKKI ANNASAMUR TÍMI HJÁ ÞÉR, SR. GUÐLAUG HELGA?

Jú, en mér þykir vænt um þennan árstíma og það gefur mér mjög mikið að geta miðlað boðskapnum um ljósið sem skín í myrkrinu því það er ekkert myrkur svo svart að ljós Krists fái þar ekki skinið. Það gefur mér drifkraftinn sem ég þarf á að halda til að geta verið í þeim aðstæðum sem ég er í, í lífi og starfi.

FINNUR ÞÚ FYRIR MIKLUM KVÍÐA HJÁ SKJÓLSTÆÐINGUM ÞÍNUM ÞEGAR JÓLIN NÁLGAST?

Já, vissulega. Ég starfa á spítala þar sem fólk er veikt og stendur jafnvel frammi fyrir dauðanum. Það að þurfa hugsanlega að dvelja á spítala og geta ekki verið með sínum nánustu á þessari hátið vekur miklar og margvíslegar tilfinningar. Meðal annars sterkan söknuð eftir því liðna því jólin eru svo mikil fjölskylduhátíð og flest eigum við margar og góðar minningar tengdar þeim. En sem betur fer er sjúklingum oft gert kleift að fara heim, þó ekki sé nema í stuttan tíma, og líka er miðað við að fjölskyldurnar geti komið á sjúkráðsúsín og verið hjá sínum aðstandanda þar.

HVERNIG GENGUR AÐ SKAPA JÓLALEGT ANDRÚMSLOFT Á SJÚKRAHÚSUNUM?

Það er í öllum tilfellum reynt. Þær stundir sem við prestarnir og djákni erum með þar á aðventunni og á jölunum sjálfum eru mjög dýrmatar, gefandi og innihaldsríkar í alla staði. Starfsfólk, sjúklingar og aðstand-

endur koma þá saman og eiga góða stund þar sem huganum er beint að boðskap og innihaldi jóla og aðventu. Að komu Jesú og hvernig hann kemur til okkar í öllum aðstæðum, ekki bara þegar vel gengur heldur ekki síður þegar erfitt er og virkilega reynir á okkur.

HVAÐA HEILRÆÐI ÁTTU HANDA ÞEIM SEM HALDA JÓL Í SKUGGA SORGAR?

Þegar ástvin vantar í hópinn vegna andláts þá hefur það mikið gildi fyrir fjölskylduna að undirbúa sig eins og kostur er og ræða um það hvernig hún ætli að hafa jólin að þessu sinni. Annars getur kvíðinn orðið svo mikill. Ég vil líka minna á samverustund á aðventu fyrir syrgjendur sem haldin er á vegum þjóðkirkjunnar, Landspítalans, heima-hlynnningar Krabbameinsfélagsins og hjúkrunarþjónustunnar Karitas. Hún verður haldin núna þann 14. desember í Grensáskirkju og er liður í því að styðja við einstaklinga og fjölskyldur í sorg í undirbúningi og aðdraganda jólahátíðarinnar. Slíkar stundir hafa verið haldnar undanfarin ár og þær eru orðnar að hefð.

FÆRÐ ÞÚ SJÁLF EITTHVERT JÓLAFRÍ?

Já, við prestarnir og djákni skiptum með okkur verkum og ég fæ mínar stundir heima með fjölskyldunni minni. En ég er alin upp í mjög nán-um tengslum við spítalaumhverfið vegna þess að faðir minn, Ásgeir B. Ellertsson, er læknir og það var hluti af mínum undirbúningi fyrir jólin og jólahaldi í uppvextinum að taka þátt í helgihaldi á spítalanum. Svona fylgir þetta mér!

HEIMABÍÓ

 YAMAHA



Einn hátalari í stað 5!



**"Heyrn" er sögu ríkari!
Kíktu við og hlustaðu!**

Kr. 79.995
YSP800
Surround hátalari

 YAMAHA



Kr. 69.995

HTiB3300

- 5.1-rása, 525W magnari (105W x 5 DIN)
- Quad-Field, Tri-Field CINEMA DSP, Dolby Digital Matrix 6.1, DTS-ES Matrix 6.1 samhfæfing og Dolby Pro Logic II afrglun
- 21 Surround rásir (41 afbrigði)
- Night Listening Mode og SILENT CINEMA
- DVD Spilari (NTSC/PAL, CD, MP3, JPEG, DivX, WMA og Picture CD)
- 5 hátalarar auk bassabox



Palladine



42" Plasma
Kr. 159.995

32" LCD
Kr. 139.995

 KEF

 THE CHORD COMPANY
MOVING SOUND & VISION

Palladine

 YAMAHA

 K|I|S

 Hataekni

SAMMI: Mér finnst alltaf erfitt að skilgreina tónlist. Því meiri tónlist sem ég kynnist því erfðara er að skilgreina hana.



SOLLA: Það eru til svo rosalega margar leiðir í tónlistinni og maður verður að finna sína leið.

Systkini *í lagi*

Systkinin Solla og Sammi senda frá sér plötu saman þar sem fallegar laglínur eru í fyrirrúmi.

Þau bera ekki með sér útlitslega að vera systkini þegar ég hitti þau á Hótel Borg einn eftirmiðdag en það sést fljótt þegar þau byrja að tala því þau eru mjög samstillt, klára setningar hvort fyrir annað og eru greinilega bestu vinir. Sammi og Solla eða Samúel Samúelsson og Sólveig Samúelsdóttir hafa ætlað sér lengi að búa til geisladisk saman og hafa nú látið verða af því. Solla syngur og Sammi stjórnar upptökum og kemur við sögu með ýmsum hætti. Melodía er komin í heiminn.

Ég byrja á því að spyrja hvernig þetta samstarf hafi borið til.

SAMMI: Fljótlega eftir að Solla fæddist, eða um tveimur árum síðar, þá fæddist ég.

SOLLA: Við vorum alltaf eitthvað að gaula saman þegar við vorum yngri.

SAMMI: Það má eiginlega segja að þetta verkefni hafi byrjað í aftursætinu á grænum Volvó Station þegar við bjuggum í Svíþjóð.

SOLLA: Þegar við vorum að betla ís eða eitthvað af mömmu og pabba bjuggum við alltaf til lag við rellið. Vorum alveg ópólandi.

SAMMI: En við höfum aldrei unnið að neinni tónlist saman.

SOLLA: Ég spilaði reyndar stundum undir hjá honum þegar við vorum í tónlistarskólanum á Ísafirði.

SAMMI: Svo það má segja að nú sé ég að endurgjalda það með því að spila undir hjá henni á þessari plötu.

Nei, það eru eiginlega tvær útgáfur af sögunni um af hverju við erum að gera þessa plötu. Óopinbera útgáfan er svohljóðandi: Ég bjó hjá systur minni í tvö ár og lagði ekki mikið til heimilishaldsins. Þetta gekk náttúrlega ekki til lengdar og ég var farinn að skulda henni dálitinn pening. Hún boðaði mig á fund við borðstofuborðið og fór yfir stöðuna með mér. Stuttu seinna gaf ég henni geisladisk með Ennio Morricone og portúgalskri söngkonu og skrifaði inn í diskinn: „Einhver tíma getum við kannski gert svona disk saman.“ En það er auðvitað ekki aðalástæðan, að ég sé að greiða upp gamla skuld. Það hefur verið á döfinni hjá okkur lengi að gera eitthvað saman í tónlistinni.

SOLLA: En við vissum ekki endilega hvað.

SAMMI: Svo var Solla allt í einu farin að syngja svona mikið og mér fannst liggja beint við að hún

gerði plötu til að kynna sig og líka að ég myndi koma nálægt því. Þá fórum við bara að leita að lögum.

SOLLA: Við áttum sameiginleg nokkur uppáhaldstónskáld og vorum sammála um mörg lög.

SAMMI: Ennio Morricone er þar efstur á lista enda eru þrjú lög eftir hann á plötunni.

SOLLA: Morricone er í okkar eyrum meistari melodíunnar. Tónlistin er ótrúlega falleg og hann notar röddina oft á skemmtilegan hátt.

SAMMI: Hann er mikill áhrifavaldur á þetta verkefni.

LISTRÆN SYSTKINI

SOLLA: Við erum fimm systkinin. Elsti bróðir okkar er ljósmyndari og hann tók myndina á plötuumslaginu, svo eigum við yngri bróður sem er að læra hljóðupptökur í Hollandi og yngsta systir okkar er myndlistarmaður.

SAMMI: Við erum öll frekar listtengd, systkinin, og draumurinn er auðvitað að gera plötu þar sem við eigum öll hlut að máli, stóri bróðir taki ljósmyndirnar, litla systir geri grafíkuna og miðbróðir taki upp. Það verður kannski bara næst.

En þið hafði verið að læra á hljóðfæri frá blautu barnsbeini?

SOLLA: Ég byrjaði tíu ára að læra á píanó og lærði í ellefu ár.

SAMMI: Ég var níu ára þegar ég byrjaði að læra á píanó en fannst svo leiðinlegt að æfa mig að ég hætti. Þegar ég var ellefu ára fluttist enskur blásturshljóðfæraleikari og kennari til Ísafjarðar. Ég gerði aðra tilraun og fór að læra á trompet. Eftir hálf ár sagði kennarinn minn að ég ætti frekar að skipta yfir á básúnu af því að það myndi passa betur við varirnar á mér. Við pabbi og mamma trúðum þessu og ég skipti yfir á básúnu og hef verið básúnuleikari síðan. Ég fann það svo út seinna að það hafði vantað básúnuleikara í lúðrasveitina og það hafði ekkert með varirnar á mér að gera.

SÖNGKONA OG TANNSMIÐUR

Þegar Sólveigu Samúelsdóttur er slegið upp í síma-skránni kemur í ljós að hún er skráð sem bæði söngkona og tannsmiður.

SOLLA: Þegar ég útskrifaðist úr Verslunarskólanum

SOLLA: Á meðan ég var í tannsmíðanáminu hafði ég ekki verið neitt í tónlist og ég fann bara að hún kallaði á mig.

kom krafa frá foreldrunum um að læra nú eitthvað praktískt. Þau hafa reyndar stutt mig í öllu sem ég hef viljað taka mér fyrir hendur. En ég vissi að ég ætlaði ekki að verða einleikari á píanó og var komin á þann stað í tónlistar-náminu að ef ég ætlaði að halda áfram af al-vöru færi það að verða mjög krefjandi. Svo sá ég auglýsingu frá Tannsmíðaskóla Íslands, var reyndar búin að frétta af skólanum áður og ákvað að sækja um. Eftir strangt inntökupróf var ég tekin inn, ein af fjórum, og var þar í fjögur ár og útskrifaðist...

SAMMI: ...með hæstu einkunn sem hafði verið gefin í skólanum...

SOLLA:... og opnaði tannsmíðastofu í Garðabænum. En svo bara fann ég að það var eitthvað sem vantaði í líf mitt. Á meðan ég var í tannsmíðanáminu var ég ekki neitt í tónlist og ég fann bara að hún kallaði á mig. Frændi minn sem er óperusöngvari spurði mig einhverntíma af hverju ég færi ekki að læra að syngja og þegar ég sá auglýsingu frá Söngskólanum hugsaði ég „it's now or never“. Og dreif mig á gamals aldri, 25 ára, í Söngskólann og þaðan í Listaháskólann og útskrifaðist með B. Mus. gráðu þaðan í vor í klassískum söng. Á þessari plötu sýni ég reyndar á mér aðrar hliðar.

SAMMI: Á köflum minnir hún mig svolítið á Karen Carpenter, það er einhver tónn sem



AÐ FINNA SÍNA LEIÐ

SOLLA: Ég er gift og á tvö börn og það þriðja er á leiðinni í apríl. Stefnan var að vera í út-löndum í vetur en ég sá fram á að veturinn myndi kannski ekki nýtast sem skyldi. En ég stefni á að fara út næsta ár og þá í einkatíma og halda áfram að þróa söngstílinn og röddina. Það eru til svo rosalega margar leiðir í tónlistinni og maður verður að finna sína leið.

SAMMI: Það eru eins margar leiðir og fólk er ólíkt.

SOLLA: Mér finnst mikilvægt að hlúa að öllu sem manni dettur í hug að gera í tónlist-

SAMMI: Mér finnst alltaf erfitt að skilgreina tónlist. Því meiri tónlist sem ég kynnist því erfiðara er að skilgreina hana.

SOLLA: En stór hluti af lögnum er úr gömlum kvikmyndum, frá 1965-1975.

SAMMI: Þarna má heyrna lög eftir Burt Bacharach, Henry Mancini, John Barry og fleiri.

SOLLA: Melódían fékk að ráða enda er það titillinn á plötunni.

SAMMI: Já, það má eiginlega nota það til skilgreiningar á tónlistinni að við reyndum að finna lög sem höfðu fallegar melódíur. Þetta er tónlist til að slappa af með, hlusta á og njóta þess að vera til. Mig hefur alltaf langað til að vera einn af þessum frábæru lagahöfundum sjöunda áratugarins. Þannig að ég laumaði mér bara í þeirra hóp með því að setja þrjú lög eftir sjálfan mig á plötuna. Ekki slæmt: Bacharach, Mancini, Morricone og Samúels-son.

SOLLA: Og svo á maðurinn minn einn texta á plötunni þannig að þetta er mikið fjöl-skylduverkefni.

SAMMI: Ég verð nú bara að segja að ég skil ekki alveg hvernig er hægt að fara að því að útskrifast úr Söngskólannum og fara svo í Listaháskólann og klára hann og eignast tvö börn á meðan og ala þau upp. Ég tek ofan fyrir konum og þá sérstaklega systur minni.

kemur stundum en annars finnst mér hún ekki hljóma eins og nein önnur. Ég er ánægð-ur með að við náum fjölbreyttri raddbeitingu og ólíkum blæ í hverju lagi og sýnum þannig margar hliðar á Solla sem söngkonu.

SOLLA: Allt sem maður lærir nýttist manni og bróðir minn hefur verið mjög duglegur að minna mig á það þegar ég dett í það að sjá eftir að byrja ekki fyrr að læra að syngja. En ég hefði kannski aldrei fundið hjá mér þörfina fyrir að syngja ef ég hefði ekki tekið mér þetta hlé frá tónlistinni.

SAMMI: Stundum á bara að leyfa tilviljun-um að ráða.

SOLLA: Það er líka frábært að hafa píanó-grunninn. Ég hefði samt gaman af því að læra aðeins meira að spila á píanó og þá meira eftir eyranu.

inni en ekki einskorða mig við að syngja aríur.

SAMMI: Ég verð nú bara að segja að ég skil ekki alveg hvernig er hægt að fara að því að útskrifast úr Söngskólanum og fara svo í Lista-háskólann og klára hann og eignast tvö börn á meðan og ala þau upp. Ég tek ofan fyrir kon-um eins og henni systur minni.

SOLLA: Þetta hefur einhverveginn tekst að púsla þessu saman, með góðri hjálp auðvitað.

MELÓDÍAN RÆÐUR

En hvernig tónlist er svo á disknum?

SOLLA: Það hefur verið mesti hausverkurinn að greina tónlistarstílinn. Ég kem úr klassíkinni og Sammi úr djass og fönki og þetta er ekki djasskotin klassík eða klassískur djass.

ÚTGÁFUTÓNLEIKAR

Eitthvað að lokum?

SAMMI: Við viljum benda á heimasíðuna, www.solla.is., þar sem hægt er að fylgjast með því sem á dagana drífur.

SOLLA: Já, og útgáfutónleikarnir verða í Iðnó 13. desember. Það verður auðvitað ískeyggilega nærri jólum.

SAMMI: En tónlistin er róleg og hentar mjög vel til að afstressa sig við kertaljós.

SOLLA: Mjög þægilegt.

SAMMI: Á tónleikunum verður tíu manna hljómsveit, félagar mínir úr Jagúar og Hjálmu-um ásamt strengjaveit. Einnig kemur Páll Óskar fram en hann syngur einmitt dúett með Solla á plötunni.

Og það er sko hægt að hugsa sér margt verra en að eyða kvöldstund við kertaljós með þessum skemmtilegu og tónhneigðu systkin-um.



Njóttu lífssins hjá okkur

Jólagafaúrvalið hjá World Class og Laugar Spa
snýst um að vera og njóta

LAUGAR

Úrval gjafabréfa við allra hæfi

- Heilsurækt
- Baðstofa
- Dansnámskeið fyrir börn og unglinga frá 4 ára
- Fjöldi námskeiða fyrir konur og karla
- Peak Pilates námskeið fyrir eldri borgara



LAUGAR SPA
snyrti- og nuddstofa

fjölbreytt úrval
snyrti- og
nuddmeðferða
sem og glæsilegar
gjafaöskjur frá E'SPA



www.worldclass.is • www.laugar.com

World Class 553 0000 • Laugar Spa 533 1177 • Sundlaugavegur 30a

Dr. Pamela Peeke var hér á landi á dögnum að kynna bók sína *Líkami fyrir lífið – fyrir konur*. Í bókinni er *Líkami fyrir lífið-aðferðin* löguð að þörfum kvenna.

Bókin *Líkami fyrir lífið* var skrifuð á miðjum níunda áratugnum og að mati Dr. Pamelu Peeke var hún fyrst og fremst miðuð við karlmenn. Síðan hefur ýmislegt komið í ljós og nú hafa vísindin sannað að kynin þurfa að taka á heilsufari sínu og holdafari með ólíkum hætti.

„*Líkami fyrir lífið*-átakið snerist fyrst og fremst um andlegan og líkamlegan styrk og sú hugmyndafræði er auðvitað líka við lýði í þessari bók,“ segir Pamela. „En hér er sjónum beint að konum sérstaklega og áætlunin sniðin að þeirra þörfum og því sem þarf til að þær nái árangri. Ég er læknir og vísindamaður og hef eytt mörgum árum í að rannsaka einmitt þetta svið og vegna þess langaði mig að hjálpa konum að nýta sér þessar nýju rannsóknir til að bæta sitt daglega líf.“

Pamela leggur áherslu á að konur og karlar geri hlutina á ólíkan hátt. „Já, ekki vera hissa,“ segir hún og hlær, „karlar og konur eru mjög ólík, bæði líkamlega og andlega. Konur þurfa á æfingaáætlun að halda sem er sérsniðin að þeirra þörfum. Líf kvenna stjórnast til dæmis mun meira af hormónasveiflum en líf karla. Þegar ég bið konu að passa vel upp á sig bregst hún allt öðruvísi við en karlmaður myndi gera. Konur eru haldnar fullkonnunaráráttu, þær hugsa of mikið og þegar þær upplifa streitu sækja þær frekar í mat en karlmenn sem leita frekar í áfengi. Konum er líka eðlislægt að annast aðra og geta orðið mjög saktitnar yfir því að sinna sjálfum sér. Það er því mun flóknara fyrir konur að reyna að hugsa vel um sjálfar sig en karlmenn því þeim er svo hætt við að stilla einhverjum öðrum upp í fyrsta sætið.“



Konur og karlar hafa líka mjög ólíkar næringarfræðilegar þarfir, að mati Pamelu. „Í fyrstu bókinni var til dæmis ekki minnst einu



LJÓSMYND/HARI

orði á sojakjöt, aukna kalkneyslu eða fólínsýru sem er gríðarlega mikilvæg fyrir konur á barn eignaraldri. Karlmenn þurfa ekki að leiða hugann að þessu. Konur hafa tilhneigingu til að borða of lítið prótín, karlar borða of mikið af því. Prótín er frábær leið til að draga úr sykurbörfinni og draga úr matarlyst og hungri en fæstar konur vita það.“

Hvað varðar hreyfingu þá telur Pamela brýnt að koma konum í skilning um að þær þurfa að halda jafnvægi milli þolþjálfunar og styrktarþjálfunar til að halda efnaskiptunum í hámarki. „Margar konur láta nægja að fá sér göngutúr öðru hvoru, fara í ræktina þegar þær telja sig mega vera að því en það gengur ekki til lengdar, sérstaklega ekki þegar þær nálgast fertugt.“

Ög konur ættu alls ekki að einbeita sér að

tölunni á vigtinni heldur beina athyglinni að líkamsfitu og vöðvum. Það skiptir miklu máli hvar fitan er á líkamanum. Sumir segja að konur séu eins og stundaglas í vextinum fram að fertugu en verði síðan allt í einu eins og snafsaglas og fylli út í mittið.“ Pamela segir að aukafita geti leitt til margskonar sjúkdóma. „En þú gætir samt verið í kjörþyngd. Þetta snýst ekki bara um að léttast til að líta vel út heldur að brenna aukafitu af líkamanum til að bjarga lífi kvenna.“

Pamela talar aldrei um að missa kíló eða fitu. „Ef þú missir eitthvað þá langar þig alltaf að fá það aftur. En markmiðið er að brenna fitu og fá hana aldrei aftur. Þó að sé talað um að það taki tólf vikur að fá frábæran líkama þá er þetta prógram til lífstíðar. Þessvegna heitir bókin *Líkami fyrir lífið*.“

Jólin til þín


PÓSTURINN
allur pakkinn

- Með okkur fer sendingin þín alla leið heim að dyrum.
- Öflugt og öruggt dreifikerfi okkar tryggir að sendingin þín kemst í réttar hendur á réttum tíma, innanlands eða utan.
- Á www.postur.is finnurðu nýjustu heimilisföng vina og vandamanna. Þú getur safnað þeim saman í möppu og þau uppfærast sjálfkrafa.
- Finndu pósthúsið næst þér á www.postur.is
- Komdu tímanlega til okkar með jólakortin og jólapakkana.

Við erum þar sem þú ert, með 13 afgreiðslustaði og yfir 130 póstkassa á höfuðborgarsvæðinu og 75 afgreiðslustaði á landsbyggðinni.

Frímerki sem
bera ilm af
jólunum



www.postur.is



Viðtal: TRYGGVI GUNNARSSON

Byrjaði í rokkbandi en syngur nú ljóð um fagrar malarastúlkur

Um helgina mun Hlöðver Sigurðsson flytja Malarastúlkuna fögru eftir Frans Schubert með fulltingi Antóníu Hevesi píanóleikara í Salnum í Kópavogi. Það er athyglisvert að ljóðin verða að þessu sinni flutt á íslensku.

Frans Schubert er af mörgum talinn eitt fremsta sönglagaskáld sögunnar. Á ferli sínum samdi hann yfir 600 sönglög, þar á meðal ljóðaflokkana Vetrarferðin og Malarastúlkana fagra.

„Þetta byrjaði með því að Gunnsteinn Ólafsson bað mig um að syngja á Þjóðlagahátíð á Siglufirði síðasta sumar,“ segir Hlöðver. Það var tilvalið að flytja Malarastúlkuna fögru í nýrri þýðingu Guðmundar Hansen Friðrikssonar en svo vel þótti til takast að haldið var til Ungverjalands þar sem verkið var tekið upp til útgáfu.

Malarastúlkana fagra er flokkur 20 ljóða, öll ort undir mismunandi bragarháttum. Höf-

undur ljóðanna er Wilhelm Müller en þau eru samfelld frásögn um ungan malara, sem ferðast frá einni myllu til annarrar, heillaður af læknum og söng hans. Hann kynnist ungri malarastúlkunni, þau fella hugi saman, en stúlkun fer síðar að leggja lag sitt við veiðimann. Ástarsorg malarans er sár og djúp og hann kýs að leggjast til svefnis undir spegli myllulækjarins.

Fyrst um sinn leist Hlöðveri ekki vel á þá hugmynd að þýða eitt af ástsælustu verkum Schuberts yfir á íslensku og austurrískir kennarar hans voru á sama máli. Hlöðveri snerist þó hugur eftir að hafa heyrt þýðinguna. „Mér fannst þetta bara briliant hugmynd þegar ég

var búinn að melta þetta aðeins og vinna þetta með kennurum mínum,“ segir Hlöðver.

Hlöðver hefur nú búið erlendis í fimm ár og stundað óperunám. Það er ekki auðvelt fyrir unga óperusöngvara að hasla sér völl á litlum markaði. „Ég ákvað aldrei að verða óperusöngvari,“ segir Hlöðver. „Ég var nú bara söngvari í rokkbandi á Siglufirði. Svo fór ég í tíma hjá Antóníu og einhvern veginn var ég bara farinn að syngja aríur.“

Hlöðver kláraði 8. stig í söng frá Tónlistarskóla Siglufjarðar árið 2000 en þaðan lá leiðin til Guildhall School of Music and Drama í London og síðar til háskólans Mozarteum í Salzburg, Austurríki.

Allir eiga rétt á að eignast fallegan sófa...
...á góðu verði



glæsileg opnunartilboð

ótrúleg verð

svefnsófar frá 29.900.-

mikið úrval

sófi.is - Borgartúni 28

sofi.is

Sófasett 3-2-1 133.000.- kr.



Annar í aðventu

og upplagt sunnudagskaffi! Kaka, smákökur og konfekt sem má gera til að eiga eða gera til að borða strax á eftir.


Umsjón: Halla Bára Gestsdóttir
Myndir: Gunnar Sverrisson
ritstjórar tímaritsins Veggfóðurs

NÚGGATSNITTUR

Sérlega fljótlegt konfekt sem allir geta tekið þátt í að gera. Fyllingin er líka ánægjulega holl miðað við allt sætmetið sem maður er vanur.

250 g núggat
40 g sólblóma- eða graskersfræ
10 g kókosmjöl
30 g möndlur, grófsaxaðar
20 g rúsínur
kókosmjöl til skrauts

Bræðið núggatið í 80 gráðu heitum ofni. Ristið fræ, kókosmjöl og möndlur á þurri pönnu. Hrærið saman við bráðna núggatið ásamt rúsínunum. Setjið í form sem hentar magninu þannig að molarinn verði um 1,5 cm á þykkt. Kælið í að minnsta kosti 3 tíma. Skerið niður í bita.



„Ég borða All Bran á hverjum degi og mér líður betur.“

Þorleifur F. Magnússon.



VELLÍÐAN

Prófaðu að borða eina skál daglega af All Bran Original í 10 daga og þú finnur muninn á heilsunni, því hollara morgunkorni er varla vól á. All bran Original inniheldur 50% af ráðlögðum dagsskammti af trefjum sem bæta meltingu og hlaða líkamann fullan af orku sem fleytir þér inn í daginn.

All Bran eykur vellíðan og bætir útlit



SÚKKULAÐBITA- OG DÖÐLUTERTA MEÐ KAREMELLUHÚÐ

Ég fékk þessa uppskrift hjá skólasystur minni fyrir nokkrum árum. Hún er ótrúlega fljótleg og góð og mér finnst hún ekta til að baka og njóta á aðventusunnudegi.

Botnar:

- 4 egg
- 2,5 dl sykur
- 70 g smjör
- 2,5 dl kókosmjöl
- 2,5 dl hveiti
- 2,5 dl saxaðar döðlur
- 100 g saxað suðusúkkulaði

- 2,5 dl þeyttur rjómi
- 100 g fyllt piparmyntusúkkulaði, saxað

Hrærið saman egg, sykur og smjör þar til orðið ljóst og létt. Bætið hveiti og kókosmjöli saman við, hrærið. Setjið þá döðlur og súkkulaði út í deigið og blandið vel saman. Setjið í tvö 22 cm hringform, eða í eitt aflangt form (þannig að þið skeríð botninn í tvennt). Bakið við 180 gráður í 15-20 mín. Kælið. Setjið piparmyntusúkkulaðið saman við þeytta rjómann. Smyrjið rjómann á neðri botninn, setjið þann efri ofan á.

Karamellukrem:

- 1,5 dl rjómi
- 1 dl sykur
- 1,5 msk. sýróp
- 2 msk. smjör
- 1 tsk. vanilludropar

Setjið allt hráefnið á pönnu og látið bráðna og blandast saman. Komið upp suðu og látið malla þar til karamellan þykknar og fær á sig gullinn blæ. Kælið hana áður en hún er smurð á kökuna.



Jólaeplið

Jóladót í eldhúsið

Heimilið er skreytt hátt og lágt á aðventunni. Ekki gleyma eldhúsinu. Það er hjarta heimilisins. Hér eru jólalegir hlutir í rauðu sem jafnframt nýtast vel.

Jólaborðið



Jólasmákökurnar

PISTASÍUKÖKUR


Þessi uppskrift af smákökum er margnota. Það er hægt að setja allt mögulegt út í deigið annað en pistasíur sem notaðar eru hér. Sömuleiðis er hægt að sleppa möndludropum og setja vanilludropa í staðinn. Einnig er þetta hentug uppskrift að því leyti að upplagt er að frysta smákökurnar og grípa síðan í þær og skella í ofninn.

Gerir 30 kökur

- 60 g pistasíuhnetur
- 60 g smjör
- 60 g flórsykur
- 1 egg
- 1 tsk. möndludropar
- 100 g hveiti
- 1 tsk. lyftiduft

Leggið pistasíukjarnana í vatn meðan þið hnoðið deigið. Hrærið saman smjör og sykur, bætið eggj saman við þar til orðið létt og ljóst. Setjið möndludropa saman við, þá hveiti og lyftiduft. Hnoðið og setjið loks hneturnar út í. Látið þær dreifast um deigið. Hnoðið aðeins á hveistráðu borði og rúllið deiginu upp í pylsu. Vefið plastfilmu þétt um rúlluna og kælið í að minnsta kosti 30 mínútur. Skerið í sneiðar, setjið á bökunarpappír og bakið við 180 gráður í 10-12 mínútur.





Vatnsdropinn – tákni um líf
Þessi sífurliðaði vatnsdropi fylgir heimsendum
gíróseðlum inn á hvert heimili í landinu.
Láttu hann skreyta heimilið í desember og vertu
viss um að þitt framlag skilar drangri.

frá krananum

Skrúfum

– gefðu vatn

Það er víða nóg af vatni í Afríku – vandinn er að ná því.

Ein leið er að grafa brunn. Það vatn sem víða er til staðar í fátækum löndum er óhreint og gróðrarstía fyrir sóttkveikjur. Daglega deyja um 5000 manns af völdum sjúkdóma sem rekja má til skorts á vatni og nauðsynlegu hreinlæti. Nýr brunnur kostar um 120.000 kr. og getur hver þeirra séð 1.000 manns fyrir vatni í marga áratugi. Það þarf ekki nema tæplega 50 manns til að kosta einn slíkan brunn. Fyrir 2.500 kr. getur þú leyst vatnsvandræði 20 manns til frambúðar.



Hjálparstarf
kirkjunnar
www.help.is

Heimsendur gíróseðill
Þessa dagana er gíróseðill vegna sófnunarinnar
að berast inn á heimili landsins.



SANTA RITA:

Með bestu kaupum á markaðnum

Í vínframleiðslu eru löndin í Evrópu kölluð einu nafni gamli heimurinn en víngerðarlönd utan Evrópu, þar sem víngerð er nýtilkomnari, eru kölluð nýi heimurinn. Víngerð í nýja heiminum hefur sótt ævintýralega í sig veðrið undanfarin ár, þar eru aðstæður til víngerðar oft hentugri, veðurfar stöðugra og framleiðsluhættir nýtiskulegri. Vínframleiðendur eru einnig ekki fastir á klafa strangra reglugerða og hefða sem hefta framfarir. Hér á landi sem annars staðar hafa nýja heims vínin notið mikilla vinsælda, einkum fyrir hagstætt verð miðað við gæði. Hefur hinum rótgrónu vínlöndum reynst erfitt að keppa við nýja heiminn og er þetta einkum áberandi í flokki ódýrustu vína þar sem segja má að nýja heims vínin mali keppinauta sína frá gamla heiminum ef borið er saman verð og gæði. Santa Rita vínin frá Chile eru góðir fulltrúar nýja heimsins og hér á landi fást fjölmörg vín þessa þekktu framleiðanda og kosta þau allt frá 1.190 kr. og upp í 4.890 kr. fyrir ofurvínið Santa Rita Casa Real.

SANTA RITA 120 CHARDONNAY

Fölgult. Höfugt, þurr, ferskt og sýruríkt með grösugum keim. Gott með fiski, hvítu kjöti, pasta og salati. Er með bestu kaupum á markaðnum að mati Morgenavisen í Danmörku. Afbragðs fordrykkur.

Verð í Vínbúðum 1.190 kr.

SANTA RITA 120 CABERNET SAUVIGNON

Frísklegt og ávaxtaríkt vín sem er tilvalið í útileiguna og með grillinu. Dökkfjólurautt, þungt með bökuðum berja-, eikar- og kryddkeim og ræður við flestan mat.

Verð í Vínbúðum 1.190 kr. í 750 ml flöskum og 1.400 kr. fyrir fjórar smáflöskur í hentugri öskju.



Barna- og unglingsbækur



Draumar marglyttunnar segir frá baráttu góðs og ills. Ópokkinn Syrtir berst gegn konungi sínum og ætlar sér að taka völdin og segja mönnum stríð á hendur. En það er hinn litli Fráinn sem reynir að koma vinum til bjargar.

Herdís Egilsdóttir er fyrrv. kennari og þjóðþekktur rithöfundur. Glæsilegar litmyndir eru eftir **Erlu Sigurðardóttur**, myndlistarmann.

Hér er á ferðinni einstaklega falleg bók fyrir börn á öllum aldri.



Hér kemur 9. bókin í hinum geysivinsæla bókafllokki **GÆSAHÚÐ** eftir Helga Jónsson.

Þessi er sennilega sú mest spennandi hingað til!



Unglingabókin þessi jölin!

Hér er á ferðinni afar skemmtileg og spennandi unglingsbók eftir unga skáldkonu frá Keflavík, **Bryndís Jónu Magnúsdóttur**.

Þetta er flott og kúl bók um ástina, bók sem allar stelpur verða að lesa.

Tindur
Bókautgáfa

Símar: 660 4753 • 462 4250

1



Cameron Diaz á frumsýningu myndarinnar *In Her Shoes*, í rauðum skóm við hvíta kápu og dökkar gallabuxur.

Rauðir skór

á stjörnuþæti á rauðum dregli

Rauður er liturinn sem vekur athygli og það vita stjórnurnar í Hollywood betur en nokkur annar. Þær mæta nú hver á fætur annarri á rauðum skóm á rauða dregilinn. Ekki er vitlaust að taka þær sér til fyrirmyndar og fara úr svörtu spariskónum og fá sér eldrauða skó. Það verður þó að hafa í huga að þeir passa ekki við hvað sem er en þegar rétti kjóllinn eða dressið er valið eru þeir hreinlega geðveikir. Sérstaklega eru þeir flottir við hvítan og svartan lit og sjálfsögðu rauðan. Bæði er liturinn kvenlegur og sígildur auk þess sem rauðir skór eru alltaf sparilegir.

2



Megaskvísan Scarlett Johansson er ekkert smá flott í hvítum kjól og rauðum skóm.

3



Hver önnur en Björk getur verið í rauðum skóm við laxableikan kjól? Skórnir eru ótrúlega sætir.

4



Dálftill latínó-stíll á tísku-drottningunni Söruh Jessica Parker í þessum rauðu skóm með perlum.

5



Leikkonan Rachel Adams mætti í rauðum skóm við svartan kjól á alþjóðlegu kvikmyndahátíðina í Toronto.

6



Jessica Alba klikkar ekki í rauðu skónum á frumsýningu myndarinnar *Into the Blue*.

7



Nicole Kidman er alltaf stílhrein, í rauðum skóm við rauðan kjól.

Tilboð á völdum vörum




local

Húsgögn og gjafavara

Skeifan 3A • 108 Reykjavík • Sími: 517 3600

Fax: 517 3604 • mylogo@mmedia.is • www.local1.is

Vettlingar



Verð frá
989.-



4 dot....

Laugavegi 100, S. 561 9444

Hagkaupum Smárafind • Hagkaupi Skeifunni • Hagkaupum Kringlunni

Höfum stækkað vefnaðarvörudeildina

Ný sending af tafti og satíni í jólakjólinn

Allt til þæfingar. Merino ull, silki og
íslensk ull í metratáli.



ONION sniðin fást í miklu
úrvali og eru mjög
auðveld í notkun.



Dalvegi 18 - 201 Kóp. Sími 568 6500 www.fondra.is

OPIÐ VIRKA DAGA 10-18, LAUGARDAGA 11-16





Þórhildur elín elínardóttir

Með nýfædda dóttur

María

Fjórum nóttum eftir áætlaðan fæðingardag þriðju dóttur okkar vaknaði ég við ákveðið bank í kvið og bak. Það var ekki um að villast, eftir tveggja sólarhringa upphitun var maraþonhlaupið loks hafði. Á fimm mínútna fresti herti stálkrumlan um mig sífellt þéttar takið á meðan ég reyndi í hvert sinn að slaka á inn í sársaukann og anda djúpt og rólega. Af dularfullum ástæðum léttir það kvölina að bjóða hriðina þannig velkomna. Þessi skynsamlega tækni er því miður í mikilli þversögn við djúpstætt stjórnlýndi mitt sem hvatti mig sífellt meir til að spennast upp í hverri hrið og hætta að anda á meðan hún stóð. Svo stutt er frá síðustu fæðingu að ég man glögg að einmitt þegar maður heldur að hápunkti sársaukans hljóti að vera náð er leiðin þangað um það bil hálfnuð. Manninum mínum og hinni indælu ljósmóður sem hafði svarað kalli okkar og komið til að kanna stöðuna leist eiginlega betur á að sjá til og slappa af í baði og svona, en ákvörðun mín var óhagganleg: Ég vildi fá mænurótardeyfingu eigi síðar en strax. Þau reyndu lítið að fá mig ofan af því, hafa sennilega séð glitta í vígtennurnar þegar ég urraði og svo var lagt af stað upp á spítala.

Eins flink og ljósmóðirin er í sínu fagi verður ekki hið sama sagt um ratleiknina. Af einhverjum ástæðum valdi hún flókna leið í gegnum miðbæinn og þar sem þetta var mjög snemma á laugardagsmorgni voru dreggjá mannlífsins ennþá á villtu djammi í Hafnarstrætinu sem ljósan ákvað að lúsast eftir með fæðandi konu mäsandi á fjórum fótum í aftursætinu. Ég fékk dæmigert hláturskast yfir aðstæðunum en maðurinn minn hélt sem betur fer ró sinni og læsti öllum hurðum hársbreidd áður en blindfullur skrifillinn ruddist inn í bílinn.

Þó þetta hafi verið bara í fyrradag er eins og síðan hafi liðið hundrað ár, svona getur mikil lífsreynsla brenglað tímaskynið. Hvert smáatriði er ljóslifandi en röð atburða þokukenn. Ég man að lækurinn þurfti að stinga þrisvar í bakið áður en vel tókst en mér stóð alveg á sama, var bara óendanlega létt þegar deyfingin byrjaði að verka. Var svo jafnhissa þegar hún hvarf aftur og ég þurfti að glíma við heljarþrýstinginn þegar frumkraftar lífsins vildu slíta mig í þúsund parta. Ég man hvatningarorð mannsins míns og ljósunnar, hvernig vísar klukkunnar á veggnum ýmist geystust áfram eða stóðu í stað tímunum saman og ég man hvernig það er að finnast maður ekki geta meira.

En best af öllu man ég augnablikið þegar heimurinn hrundi og var smíðaður jafnskjótt aftur, nýr og betri en fyrr. Andartakið þegar samanlagðir kraftar náttúrunnar og sjálfrar mín ruddu braut splunkunýrri manneskju inn í veröldina á fegursta degi ársins. Þegar við hættum að vera ein og urðum tvær, María og ég.

Þegar ég horfi á smágernt andlitið, ponsulitla blómið sem er munnurinn, svartan dúninn fyrir hár og sé að hún er fullkomin þá undrast ég að hafa stundum efast um tilvist guðs. Engu er hægt að bæta við og ekki hægt að ávinna sér réttinn til að taka við slíkri gjöf. Það er bara hægt að þakka fyrir með auðmýkt.



Móóirin mjóa, Victoria Beckham, hefur alltaf verið furðufljót að komast í fyrra horf eftir keisaraskurð.



Catherine Zeta-Jones komin sjö mánuði á leið en hún hefur alltaf lagt meira upp úr heilbrigði en því að vera ofurmjó.

Ofurmjóar ungbarnamömmur

Margar konur sem eru nýbúnaar að eignast börn hafa áhyggjur af því að ná aldrei sínum fyrri vexti. Þrátt fyrir að barneignir séu í tísku í Hollywood þykir kvenlíkaminn eftir barnsburð ekki jafn flottur heldur keppast stjórnurnar sín á milli við að komast aftur undir kjörþyngd eins hratt og auðið er.

Frægt varð þegar Demi Moore eignaðist dætur sínar fjórar með frekar stuttu millibili og sagðist ekkert skilja í konum sem ættu erfitt með að komast aftur í form eftir barnsburð. Hún eins og flestar þessara kvenna hafði á launaskrá sinni kokk til að elda holla, vel samsetta og rétta næringarríka fæðu, einkaþjálfara til að halda sér við æfingarnar, húshjálp



sem þreif og sinni heimilinu og svo auðvitað barnföstru til að sinna börnunum svo hún hafði hreinlega ekkert annað að gera en að koma sér aftur í form. Ekki má svo gleyma því að mjög margar stjórnur fara í keisaraskurð, ekki vegna þess að þær eigi almennt erfiðari fæðingar en aðrar konur heldur til að koma í veg fyrir mögulega aflögun á mjaðmagrindinni í fæðingunni. Sem betur fer er þessi hugsunartúttur ekki algildur og Catherine Zeta-Jones hefur til dæmis látið hafa eftir sér að ofurmjóar mæður ungbarna séu ógnvekjandi á að líta.

Britney Spears verður vafalaust fljót að ná sér í flatan maga með öllum tiltækum Hollywood-ráðum.

Burt með Karíus og Baktus

Litlum börnum finnst mörgum mjög leiðinlegt að láta bursta í sér tennurnar. Með réttum aðferðum má gera tannburstunina að notalegri stund með fjölskyldunni.

1. Kaupið barnatannbursta og barnatannkrem. Ef hægt er að fá bursta með mismunandi myndum er hægt að leyfa barninu að velja mynd.
2. Gerið tannburstunina skemmtilega. Segið sögur á meðan og brosið og hlæið.
3. Ef þið eigið eldra barn getið þið látið það sýna yngra barninum hvernig á að bursta tennurnar.
4. Hrósið barninu og segið því að það sé duglegt að bursta tennurnar.
5. Gefið barninu límiða í hvert skipti sem það burstar tennurnar.

Það virkar hvetjandi og barnið litur á það sem verðlaun.

6. Rafmagnstannbursti hefur líka stundum gefist vel þannig að mestu tannburstunarárstæðingum finnst beinlínis gaman þegar burstinn kemur upp í munninn með tilheyrandi suði og kitli.



ULLARVEÐUR

Góð og hlý ullarföt fyrir krakka á öllum aldri og foreldrana líka. Gott verð!



Barónstíg 3 • 101 Reykjavík • s. 552-7499
Opíð : mán.- fös. 1100-1800 laug. 1100-1600



HREYFILAND er 2 ára



Komdu á **10 vikna námskeið** hjá okkur og **borgaðu fyrir 8 vikur** (2 frjár vikur)

Taktu okkar frábæra tilboði **10 vikur fyrir 8!!**

Við bjóðum upp á sérstök námskeið:

- Bumbufimi – Mæðrafimi (mómmur og börn frá 6 vikna - 18 mánaða) – Snillingafimi (börn frá 3 mán - 11 mán)
- Hreyfifimi (börn frá 1-2 ára) – Gþ-fimi (börn frá 3-5 ára) – Dansleikfimi (konur 20+) –

Gjafakort fyrir jólin frá 5000 kr.

NÝ NÁMSKEIÐ ERU AÐ HEFJAST

HREYFI LAND er fjölskyldu- og barnvæn líkamsræktarstöð síðan 2003

sími: **577 2555** og **899 7255** | 110 Reykjavík | Stangarhyl 7
www.hreyfiland.is | mottaka@hreyfiland.is



Glæsilegt úrval af handklæðum

- gæði, ending og góð þjónusta



Skólavörðustíg 21 • Sími 551 4050 • Reykjavík



RECARO

ÞÝSKIR HÁGÆÐA BARNABÍLSTÓLAR

BÍLASMIÐURINN HF

BÍLDSHÖFÐA 16 • SÍMI 567 2330



brynhildur björnsdóttir
stingur í samband

Örin eftir ástina

Flestir hafa sjálfsgagt einhvern tíma á ævinni óskað þess að geta strokað væna kafla út úr minninu. Öll neyðarlegu atvikin frá unglingsárunum koma upp í hugann, stundirnar þegar okkur tókst að særa einhvern – stundum alveg án þess að ætla það – og svo stundirnar þegar við vorum sæð, kannski af þeim sem við elskuðum mest á því augnabliki. Stundirnar (dagar, vikur, ár...?) þegar við engdumst af þrá, sorg og söknuði eftir einhverjum sem lét okkur gossa alveg án þess að við værum undir það búin, elskhuganum sem varð eftir í öðru landi því „þau voru ekki sköpuð hvort fyrir annað“, þeir sem voru ekki tilbúnir í samband... með okkur að minnsta kosti. Stundum óskum við þess að við hefðum aldrei orðið fyrir því óláni að verða á vegi hans/hennar, að viðkomandi hefði bara sleppt því að dansa skottis á krömdu hjarta okkar.

En hversu sárar sem þessar minningar eru núna þá eru örin á sálinni eins og heidursverðlaun fyrir að hafa verið til. Fólkið sem einhvern tíma var mikilvægasta fólk í heimi, jafnvel þó það hafi verið elskað úr fjarlægð og í meinum þannig að sárt sveið undan, hefur engu að síður gefið okkur eitt það dýrmatasta sem við eigum – okkur sjálf eins og við erum í dag. Þegar öllu er á botninn hvolft erum við lítið annað en samsafn reynslu og minninga og því erfiðari sem minningarnar okkar eru, því sterkari verðum við af því að horfast í augu við þær, kljást kannski svolítið og sættast svo að lokum við það sem veldur okkur sársauka.

Auðvitað þarf tíma til að jafna sig. Það græðir enginn á því að rífa upp sár sem er nýfarið að gróa og strá í það alls konar kryddjurtum og setja hjartað svo á heitt grill með sárið niður. En þegar ákveðinn tími er liðinn er svo miklu farsæla að meta þennan tíma fyrir það sem hann var. Og ef við hefðum valið: myndum við í alvöru vilja missa þessa reynslu úr sálinni á okkur? Öll lögin sem minna okkur á elskhugana, staðirnir í borginni þar sem við áttum annað hvort afbragðsgóðar eða -slæmar stundir með viðkomandi, gjafirnar sem okkur voru gefnar, hvort sem þær voru stórar eða smáar og af hvaða toga.

Og það allra mikilvægasta: þessi reynsla af hjartasárinum, eymslum, reiði og svikum kenndi þér að vera manneskja sem kann að elska og það sem meira er: kann að meta þegar einhver almennilegur mætir á svæðið. Minningin kennir þér að viðhalda ástinni í góðu, heilbrigðu ástarsambandi sem byggir á gagnkvæmri ást og virðingu, minnir þig á hvernig hlutirnir voru einu sinni, hvernig þú varst leikin(n) og hver þú ert í dag og hvað þú vilt. Þegar lagið kemur í útvarpinu skaltu hækka og syngja með hástöfum. Því þú ert alvöru manneskja sem kann að vera til!

Fimm óráð á fyrsta stefnumóti

Æ fleiri fara á stefnumót á Íslandi en reynsla landans í þeim efnum er hins vegar sorglega lítil. Hér eru nokkur atriði sem ætti að forðast á fyrsta stefnumótinu.

1. Taktu fyrirverandi með á stefnumót

Ekkert er eins lítið skemmtilegt og að eyða kvöldstund með einhverjum sem manni þykir áhuga-verður og afturgöngu fyrirverandi ástvinar hans/hennar. Passa þú líka að skilja fyrirverandi eftir heima.

2. Malaðu mélinu smærra

Það er hægt að vera a) skemmtileg/ur og hafa ýmislegt áhugavert að segja - og b) leiðinleg/ur og hafa ekkert skemmtilegt að segja. Munurinn? Seinna dæmið talar mun meira. Reyndu að vera ekki í þeim flokki.

3. Vertu fráhrindandi í fasi

Langar þig að vera ein/n eftir? Minnsta mál í heimi. Horfðu fast niður í gólfíð eða súpuna þína, vertu með risastóra kryppu eins og þú sért að reyna að fela þig inni í þér og aldrei, aldrei snúa þér beint að borðfélaganum þínu. Ef þig langar hins vegar að stefnumót sé skemmtilegt skaltu sitja með bakið beint, horfa í augun á viðkomandi og brosa, brosa, brosa.

4. Drekktu þig í dróma

Sumir setja samasem merki á milli þess að taka hressilega til drykkjar síns og vera hress og

skemmtileg/ur. Það gildir ekki endilega, sérstaklega ekki ef ákveðið var að hittast í kaffi klukkan hálf sex á miðvikudegi. Nema þú sért að leita þér að drykkjufélaga -Skál!

5. Talaðu um hjónaband

Alveg þannað! ekki einu sinni brúðkaupið sem þú varst í um daginn. Ekkert sem tengist hjónabandi, viðhorfum þínum til barnaigna, framtíðarhúseign eða fjölskylduferðum ætti að vera til umræðu á fyrsta stefnumótinu. Dagurinn í dag, kannski í gær og mögulega á morgun eru einu dagarnir sem eiga að vera til umræðu. Nema kannski að það hitti svo á að þú eigir afmæli. Þá skaltu láta gefa þér veglegan eftirrett.



stjörnuspá

2. desember – 8. desember

HRÚTUR 20. MARS – 19. APRÍL

Jólastressið er þegar farið að taka sinn ton og þú skalt passa þig að verða ekki jarmandi jólahafur og fórnarlamb streitu og æsings. Reyndu frekar að draga djúpt andann og njóta jólaundirbúningsins eins og þú vilt hafa hann.

NAUT 20. APRÍL – 20. MAÍ

Þú ert komið með allan hugann við matarmeningu jólanna og dundar þér nú við að raða hlaðborðum, kaffihúsaferðum, bakstri og konfektgerð snrytilega niður í dagbókina. Ekki gleyma smáhreyfingu með annars veistu hvað biður þín í janúar.

TVÍBURI 21. MAÍ – 20. JÚNÍ

Þú ert fjölmiðlasjúkur og átt því mjög bág þessa dagana þegar Nýja Fréttastöðin dirfist að senda út allan sólarhringinn. Syndu sjálfsaga og reyndu frekar að hafa með þér útvarp í vinnuna en liggja heima fyrir fram- an sjónvarpið og þykjast vera veikur.

KRABBI 21. JÚNÍ – 22. JÚLÍ

Þú vilt helst að allt sé fullkomið hjá þér á jólunum og eðlilega áttu því erfitt nú þegar uppgjörð mikla, aðfangadagskvöld, nálgast. Með skipulagi og skyndsemin hefst samt allt að lokum og þú skalt beita þessum tveimur aðferðum óspart.

LJÓN 23. JÚLÍ – 22. ÁGÚST

Jólin í ár eru í öllum regnbogans litum og það hentar nú stertidýri eins og þér. Passaðu nú bara að buddan þín springi ekki af áreynslunni, það eru enn þá þrjár vikur til jóla.

MEYJA 23. ÁGÚST – 21. SEPTEMBER

Skipulagðar meyjur eiga stundum svolítið bág þessum árstíma þegar allir eru á ferð og flugi og ómögulegt að koma sér saman um eitthvað eitt sem er rétt að gera. Notaðu þitt eigið nef til viðmiðunar og gerðu bara það sem þig langar til.

VOG 22. SEPT. – 22. OKTÓBER

Þú ert svo mikið jólabarn að þú ert fyrir löngu farin að finna þér afsakanir fyrir því að hengja upp seríur og búa til konfekt. Dreifðu gleðinni á aðeins lengri tíma svo þú verðir ekki örðin leið á öllu þegar jólin sjálf ganga loksins í garð.

SPORÐREKI 23. OKT. – 21. NÓVEMBER

Þrátt fyrir leyndardómsfullt yfirbragð á köflum eru sporðdrekar mikil jólabörn í hjarta og kunna vel að meta jólaljósin og stemninguna. Farðu á tónleika til að finna friðinn sem þú kannað svo vel að meta en vantar stundum í ósinni niðri í bæ.

BOGMÆÐUR 22. NÓV. – 21. DESEMBER

Þú ert farinn að hugsa dreymandi til fjalla og langar mest að höggva þitt eigið jólarté og draga það sjálfur niður til byggða. Láttu það endilega eftir þér og notaðu afgangskunna til að hjálpa þeim sem minna mega sín.

STEINGEIT 22. DES. – 19. JANÚÁR

Þú hefur varla undan að útvega þér flottasta jólskrautið, mestu tiskufötin og miða á vinsæltu tónleikana. Þú þarft að staldra aðeins við og velta fyrir þér boðskap jólanna og hvað það er sem þú ert í rauninni að reyna að kaupa þér.

VATNSBERI 20. JAN. – 18. FEBRÚÁR

Þú ert stundum aðeins fyrir utan samfélagið og finnst þess vegna stundum að þetta jólastúss sé farið alveg úr bönundum. Ekki vera of fljótur til að dæma heldur finndu jólastemninguna í þínu hjarta.

FISKAR 19. FEBRÚÁR – 20. MARS

Listalífð ber hinn listreina fisk nánast ofurlíði í desember. Hið endalaus framboð af tónleikum, upplestur, leikritum að ógleymdum jólamörkuðunum með sinni handunnu snilld gera þig að viljalausum jólaneytanda. Og njóttu þess bara eins og þú getur!

REYNIR TRAUSTASON

Skugga börn

skyldulesning fyrir alla foreldra!

„Ég hvet fólk til að lesa Skuggabörn.“

- *Katrín Fjeldsted, Mbl.*

„Mjög spennandi og fróðleg.“

- *Egill Helgason*

„Ein ítarlegasta úttekt á þessum heimi sem hér hefur birst um nokkurt skeið.“

- *Páll Baldvin Baldvinsson, DV*

„Reynir Traustason lýsir í bók sinni aðstæðum í fíkniefnaheiminum án þess að predika og er það sennilega helsti styrkur hennar. Hann lætur lesandanum eftir að draga sínar ályktanir, sem í raun geta aðeins verið á einn veg: Ekki.“

- *Úr leiðara Morgunblaðsins*



Nú mýkjast línur með komandi jólum

Margir þekkja það að línurnar fari nokkuð úr skorðum yfir hátíðirnar. Nóg af kræsingum á borðum til að fjarlægja breyta lögun líkamans og gera hvern og einn í laginu eins og fallega jólakúlu. Hér eru nokkur heilræði varðandi jólamatinn sem gætu hjálpað við að halda línunum í réttu horfi.



Hægt er að nota pönnur og potta sem hafa teflonhúð. Ekki þarf að nota jafn mikla olíu þegar steikt er á teflonpönnu og maturinn verður þar af leiðandi fituminni. Ef teflonið hentar ykkur ekki veljið þá sól-blóma- eða ólífuolíu frekar en smjör og fitumeiri olíur.



Þegar mikið er matreitt þarf að draga fram hvern kryddstaukinn á fætur öðrum til að bragðbæta. Reynið að minnka saltneyslu. Saltaða hangikjöt-ið má láta liggja í köldu vatni í sólarhring til að draga úr saltmagni, hægt er að nota krydd sem hjálpa meltingunni eins og kúmen og engifer. Einnig er til fjöldinn allur af náttúrulegum kryddum sem betra er að nota en svokallað þriðja krydd.

Í öllu sælgætisflóðinu sem eykst með hverju desemberdegi er gott að eiga til staðar heilsusamlegt nasl. Hægt er að frysta ber til að gæða sér á, eiga fitulítinn ost á hafrakex í skápnum, skera niður grænmeti eða ávexti og geyma í skál eða baka eina tegund af hafrakökum eða hollum skinkuhornum. Best er að sýna fyrirhyggju og ákveða heilsusamlegt jólasnarl fyrirfram því það eina sem er í kringum þig í desember eru smákökur og konfektmolar. Og við vitum öll hvar konfektmolarnir taka sér bólfestu á líkamanum.

Létt kjöt eins og kjúklingur, kalkúnn og annar fiðurfénaður er fituminni en rautt kjöt. Gott er að blanda saman bæði rauðu og ljósu kjöti. Rautt kjöt tekur langan tíma í meltingu og léttari matur inn á milli hjálpar til við að gera meltinguna betri.



Kál, sætar kartöflur og rófur eru mjög sedjandi. Góðu fréttirnar eru að þetta er einnig bráðhollt og gera gott bæði sjón og einbeitingu sem rétt er að hafa í lagi um jólin. Þannig að þú skalt endilega fá þér nóg af sætum kartöflum á diskinn.



Linsubaunir eru mjög góðar í bland við þyngri máltíðir og gott að fá sér einn góðan skammt af þeim yfir jólin. Linsubaunirnar innihalda trefjar og magnesíum, eru orkuríkar og lausar við fitu.

Fáðu orku úr hádegismatnum

Flestir upplifa það að orkan fer þverrandi eftir hádegi. Sterk tengsl eru á milli þess hvað þú borðar í hádeginu og hversu orkumikill hugur þinn og líkami er síðdegis. Hér eru nokkur atriði sem hjálpa þér að ná sem mestri orku úr hádegismatnum.

✓ Haltu dagbók og skrifaðu niður hvað þú borðar og hvernig þér leið á eftir til að átta þig á munstrinu þínu.



✓ Reyndu að borða prótínríkan mat eins og fisk, kjúkling, tofú, baunir og þess háttar.

✓ Minnkaðu neyslu á pasta, hrísgrjónum og brauði.



✓ Neyttu grænmetis í hádeginu.

✓ Forðastu óhóflega fitu og steiktan mat og sósur.

✓ Forðastu að drekka

godsdrykki, áfengi og sykurríkar afurðir.



✓ Drekktu vatn fyrir mat og eftir og til að auðvelda meltingu.

✓ Gefðu þér tíma til að borða. Ekki borða við tölvuna meðan þú sendir tölvupóst.



✓ Taktu með þér hádegismatinn að heiman þá er auðveldara að stjórna því hvað þú borðar.



naturasun
pure natural spray tanning

£1 million marketing spend in 2006

(including national TV adverts & monthly press campaigns)

The Choice of Charlotte Church

More spray booths sold than any other company in the UK

10 sunsprays to choose from



Are you with Europe's Number 1 Spray Tanning Brand?

FRESHAN LTD
0870 240 7072
naturasun.com

100% náttúruvörur úr Urtasmiðjunni, engin aukaefni, engin paraben.



Vöðva-gigatarolia,

Kröftug nuddolia með blöðberg, fyrir auma og spennu vöðva, sinadrátt og stírða líði. Losar spennu, dregur úr verkjum.

Græðismyrsl,

Þetta góða græna úr vallhumli, fyrir sár, útbrot, ör, bruna, sólbruna, sólexem og húðþurrk. Sviða- og kláðastillandi. Frábært útivistarkrem.

Fótaáburður,

Með frískandi myntu og terunna olíu. Fyrir harða húð, sprungur og fótsepp. Róar pírting og þreytuverki. Dregur úr þröta. Ómissandi fyrir göngufólk.

Söluastaðir: **Reykjavík:** Maður lifandi Borgartúni 24, Yggdrasil Kárást.1, **Hafnarfjörður:** Fjarðarkaup **Keflavík:** Blómaval, Íslenskur markaður Leifsstöð. **Mosfellsbær:** Líflind, Háholt 14 **Akranes:** Lyf & heilsa Kirkjubraut, **Selfoss:** Ánes Apotek, **Akureyri:** Heilsuhorníð Glerártorgi, Apótekarinn Hafnarstr. Blómaval Hafnarstr. Hjá framleiðanda **Urtasmiðjan** Svalbarðsströnd, 601 Akureyri, sími 462 4769 fax 462 7040 netf. gigia@urtasmidjan.is vef. <http://www.urtasmidjan.is>

Frísklegri og falleagri húð

- NeoStrata húðvörur innihalda ávaxtasýrur, en rannsóknir sýna að þær hafa verulega bættandi áhrif á húðina.
- NeoStrata húðvörurnar gefa húðinni jafnari hörundslit, heilbriggt og frísklegt yfirbragð.
- NeoStrata húðvörur eru þróaðar af húðlæknum og framleiddar eftir ströngustu gæðakröfum.



Fæst í apótekum

GEORGE FOREMAN

HEILSU OG SÆLKERAGRILLIN



Nýtt
há George Foreman!

Reykjavík: Hagkaup, Export, Elio, Byko, Þessi & Þú
Hafnarfjörður: Rúnnett, Fjarðarkaup
Akureyri: Byko, Hagkaup
Selfoss: Áróttinn, Byko
Stykkishólmur: Hornakornid
Reykjanesbær: Byko
Akranes: Viljaninn
Westmannaeyjar: Gósi

Siglu fjörður: Sjálfstær
Haukvik: Örggi
Ísafjörður: Þrjústær
Borgarnes: Sambær

Eggetaður: Síndri KVI
Reykjanesstaðir: Rúnnett
Reykjanesbær: Byko
Fiskhúsin: Kálfurkúfagutti


MARCO heildverslun
www.marco.is


[PERSÓNULEIKAPRÓF]


Er sannleikurinn sagna bestur?

Sumir trúa á mátt hvítu lyginna, það er, að í lagi sé að stílfæra sannleikann til að særa ekki aðra eða koma sjálfum sér í vandræði. Aðrir kjósa að vera hreinskilnir og segja satt og rétt frá. Taktu prófið og sjáðu hvort þú notir hvíta lygi eða ekki.


1. Vinur/vinkona þín kaupir sér nýjan jakka sem hann/hún er á einhvern óskiljanlegan máta hæstánægður/ánægð með. Hvað gerir þú?


 ... ég segi ekkert nema ég sé spurður/ur/spurð, þá gef ég hreinskilið álit án þess að særa tilfinningar viðkomandi.


 ... ég hrósa henni/honum fyrir æðislegan jakka þó mér finnst hann hryllilegur.

 ... ég segi eins og er að jakkinn sé skelfilegur og nú sé kominn tími til að endurskoða fatavalið.


2. Maki þinn spyr hvort hann hafi fitnað, sem hann svo augljóslega hefur gert. Þú svarar ...


 ... nei, nei, nei, alls ekki. Þú hefur ekki bætt á þig grammí.


 ... já heldur betur, þú þyrftir að fara á einhvers konar aganámsskeið.

 ... fyrst þú spurðir þá get ég ekki neitað því, en ég elska þig sama hvernig þú lítur út.

3. Þú vaknar upp í svitakasti því þú svafst af þér starfsmannafund þrátt fyrir að yfirmaðurinn þinn hafi ítrekað mikilvægi hans. Þegar yfirmaðurinn hringir svo í þig segir þú ...


 ... mér finnst þú hefðir alveg getað hringt fyrr. Hefur þú aldrei farið á námsskeið í starfsmannastjórnun eða ...?


 ... rafmagníð fór af húsinu þannig að ég vaknaði seint og svo bilaði bíllinn og Miklabrautin var lokuð vegna malbikunar. Annars hefði ég mætt.

 ... ég biðst innilega afsökunar en ég svaf yfir mig. Get ég gert eitthvað til að bæta fyrir þetta.


4. Þú ert í matarboði hjá tengdamóður þinni og maturinn er vægast sagt ofsoðinn og seigur. Tengdó spyr þig hvernig maturinn smakkast, þú svarar ...


 ... fullkomin eldun, meirt og djúsi.

 ... svona hlýtur matur að smakkast eftir að sál manns hefur kvatt þennan heim (og læt tengdó um að túlka svarið).

 ... persónulega finnst mér matur betri þegar hann er rétt eldaður. Notar þú ekki matreiðslubókina sem ég gaf þér í jólagjöf?

5. Eftir eldheitan ástarleik, án þess að þú hafir fengið fullnægingu, spyr maki þinn þig hvort þú hafir fengið það. Þú svarar ...

 ... Nei!! Hvað heldur þú að geti gerst á þremur mínútum? Ég ætla að gefa þér Töntrubókina.

 ... nei, ég fékk ekki fullnægingu en fullnægingin er ekki alltaf það sem málið snýst um. Mér finnst gott að vera með þér.


 ... aldrei fengið betri en akkúrat núna.

NEXT

mikið úrval af jólakortum



Niðurstöður:




Flestir Nixon

Þú virkilega trúir því að hvít lygi sé af hinu góða. Spurningin er hvort þú þurfir ekki að taka aðeins meiri ábyrgð á aðgerðum þínum og skoðunum. Á endanum á fólk eftir að komast að því að þú ert hvítalygari og þá missir það trú á öllu sem þú segir. Reyndu að vera aðeins hreinskilnari enda er gott fyrir sálina að segja sannleikann og taka ábyrgð á sjálfum sér.

Flestir Dr. Phil

Þú trúir ekki á mátt hvítu lyginnar og ert hundrað prósent hreinskilinn, kannski aðeins of hreinskilinn. Þú ert alls ekki hræddur við að segja hlutina eins og þeir eru. Þú mátt samt ekki gleyma því að ekki allir eru sammála þínum sannleika. Þú mættir jafnvel stundum nota smá dass af hvítri lygi bara svona fyrir kurteisissakirnar.



Flestir Gandhi

Þú ert algjör Gandhi í eðli þínu og trúir því að sannleikurinn sé sagna bestur. Þú ert hreinskilinn um aðgerðir þínar og lýgur ekki til um neikvæðar skoðanir. Þú ert líka þeim hæfileika gæddur/gædd að særa engan með hreinskilni þinni og gerir þér grein fyrir að mannfólkið er misjafnt og að þitt álit er ekki allra. Passaðu þig á Nixonunum.

og jólapappír

NEXT

NEXT / Krínglunni 4-12 / Sími 551 3200





Litur aðventunnar

» Fjólublár er fallegur litur og minnir okkur á aðventuna.

Nú er aðventan gengin í garð og tími til kominn að sýna smá lit. Þá er vel við hæfi að klæðast fjólubláu enda tákna sá litur iðrun og yfirbót. Þennan fallega lit notar kirkjan bæði á lönguföstu og jólaföstu (eða aðventu) og kannski vel við hæfi að minna á komu jólanna. Hér má sjá nokkrar fallegar flíkur sem eiga vel við bæði frostið og hátíðarnar í desember.

Hlý-
legar flíkur
fyrir desember-
frostið. Fæst í
Wearhouse.

Róman-
tískur kjóll
úr Wear-
house.

Pils
með páf-
ettum. Fæst í
Centrum.

Spari-
legur loðfeldur
sem hentar vel í
veislurnar. Fæst
í Monsoon.

Peysa
með skrauti
sem klingir í.
Fæst í
Monsoon.

Þrjónuð
herðaslá úr
Centrum.

Skemmti-
legt, sítt pils
úr Monsoon.

EVANS er vinsælt vörumerki frá Bretlandi sem býður upp á nýjustu tísku fyrir konur í stærðunum 16-26

Evans

HAGKAUP SMÁRALIND OG KRINGLUNNI

HAGKAUP

Skemmtilegast að versla

falleg föt

...hafðu þinn eigin stíl

Þú færð jólafötin hjá okkur



**Fata-
prýði**
GLÆSIBÆ
☎ 553-2347

Komdu og gerðu þér glaðan dag hjá Sissu Tískuhúsi Glæsibæ.



- pils
- peysur
- buxur
- blússur
- og margt fleira

Stærðir 36-50.

Allir sem versla fyrir 6000 eða meira fá glaðning.

Verið velkomin

Sissa Tískuhús Glæsibæ
Opíð virka daga 10-18.00 laugardag 3. des 10-17.00
sunnudag 4. des 13-17.00
sími 5625110



Úrvalið
er hjá okkur

Stólinn færðu hjá okkur
Margar gerðir
Margir litir



Filou
9.990



ólavía og oliver
Glæsibæ - Sími 553 3366 - www.oo.is

Hokus Pokus
8.850

Vinsælu flís serkirnir
komnir aftur

„Live after work“

4 litir, 4 stærðir,
Verð 3.490 kr.

Mikið úrval af
náttfatnaði
og undirfatnaði.



Sjáumst!
COS

s. 588-5575, Glæsibær



Ný North Face deild í Glæsibæ

ÚTILÍF

SMÁRALIND SÍMI 545 1550 • GLÆSIBÆ SÍMI 545 1500 • KRINGLUNNI SÍMI 545 1580



Nú eru allar dótabúðirnar
fullar af jólagjöfum fyrir
krakka á öllum aldri ...



Þar sem þú kaupir leikfing

Kringlunni Smáralind
S: 568 8190 S: 517 8090
Glæsibæ Spönginni
S: 578 8090 S: 578 8070

Heimagallar

og sloppar fyrir konur á öllum aldri
frá kr 8.900,- Ullar sjöl (Phasmina)

15 litir verð kr 3.500,-

LANCÔME PARIS

CHANEL

Dior

Helena Rubenstine

Guerlian

Bio therm



**SNYRTIVÖRUVÆRSLUNIN
GLÆSIBÆ**



**GLÆSILEGIR TOPPAR
FLOTTAR GALLABUXUR**

str. 36-56



Eddufelli 2, sími 557 1730
Bæjarlind 6, sími 554 7030



Sloppar
frá 6590

CHANGE[®]
SMÁRALIND
Sími 517 7007



LÍÓSMYND/EÓL

Jólaföt á börnin

» Sigga vantar síðar buxur og Sollu bláan kjól...

Þegar jólin nálgast fara foreldrar að huga að því að kaupa jólaföt á börnin. Í verslunum er mikið úrval af fallegum fötum og börnin eru alltaf óköp sæt þegar þau eru komin í sparifötin. Það eru samt nokkrur atriði sem ágætt er að hafa í huga þegar jólafötin eru keypt.

- 1** Fötin verða að vera þægileg. Það er ekki nóg að jólafötin séu rosalega flott ef barninu líður illa í þeim. Passið upp á að fötin þrengi hvergi að séu ekki úr of stífu efni. Börn þurfa líka að geta hreyft sig á jölunum.
- 2** Það er ekki gott að fötin séu alltof ljós. Börn eiga það til að sulla niður á sig og það sést síður á dökku. Það er líka ágætt að eiga eitthvað sæmilega fínt til skiptanna ef á þarf að halda.
- 3** Forðist efni sem sem draga að sér ryk og rusl. Það er óþarfi ef börnin eru að leika sér á gólfinu að þau þrifi það í leiðinni.
- 4** Passið upp á að börnunum verði ekki of heitt. Það er allt í lagi að börnin séu í vestum, peysum og jökkum utan yfir öðru í einhverja stund. Ef þeim verður of heitt verða þau pirruð og þá er betra að taka þau úr einhverri flíkinni.
- 5** Ekki kaupa of lítil föt. Ef fötin eru keypt löngu fyrir jól er ágætt að hafa í huga að barnið getur stækkað þangað til að fötin verða notuð. Það er líka í lagi að hafa sparifötin aðeins rúm þannig að barnið geti hugsanlega notað þau fram á vor þegar það fer í afmæli eða við önnur tilefni.

Jólin 2005



oasis
KRINGLUNNI OG SMÁRALIND



» Hvað langar hann í fyrir jólin?

Jólafötin komin til klæðskerans

Elís Pétursson, eða Elli í Jeff Who?, er annálað fatasení. Hann er nú þegar búinn að fá sér jólafötin en vonast jafnframt eftir mörgum mjúkum þökkum.

„Ég er búinn að fá jólafötin en þau eru núna hjá klæðskera þar sem verið er að breyta þeim aðeins. Þetta eru teinótt jakkaföt úr Gyllta kettinum, alveg súper flott,“ segir Elli galvaskur um jólafötin sín í ár. Í jólapakkana sína segist hann vonast eftir góðum peysum enda fari veður kólnandi. Hann tekur reyndar fram að hann langi ekki í einhverja sérstaka gerð af peysu, nema það má ekki vera rúllukragapeysa. „Rúllukragapeysur eru alveg úti

núna. Ég væri bara til í flotta í peysu með einhverju flottu munstri eða litum.“ Elli segist heillast mjög af rokkabillí fötum um þessar mundir en því miður fyrir hann þá voru rokkabillíarnir lítið í peysum. „Útúrbróderaðar kúrekaskyrturnar finnast mér líka alltaf mjög flottar. Ég var einmitt úti í Köln um daginn og sá helvíti flotta svona skyrtu þar. Þær voru bara rándýrar. Ekki bætti úr sök að búðin hét Niggaman,“ segir Elli að lokum og hlær.



Elli, bassaleikari í Jeff Who?, heillast mjög af rokkabillí klæðnaði um þessar mundir.

» Hvað langar hana í fyrir jólin?

Búin að fá sér jólakjól en vantar skó

Elva Dögg Melsted blaðamaður á Nýju lífi er búin að kaupa jólakjólinn en hana vantar ennþá skó.

„Mig vantar svarta háhælaða skó. Eða flatbotna. Mig vantar allavega svarta skó,“ segir Elva. Hana langar í skó sem hún getur líka notað hversdags. Elva segir að hún eigi svarta skó sem séu alveg að verða ónýtir og hana vanti nýja í staðinn. „Rennilásinn á öðrum skónum sem ég er í núna er ónýtur og ég næli hann bara saman til þess að komast í gegnum daginn á þeim.“ Elva er búin að fá sér jólakjól sem hún keypti í Söru. „Hann

er svartur með blöðrupils og svona mittislinda og mjög sparilegur,“ segir hún. Elva væri alveg til í að fá einhver föt í jólagjöf. „Ég get alltaf á mig fötum bætt,“ segir hún. Elva segist oft hafa fengið skó frá mannum sínum og býst alveg eins við því að svörtu skórnir leynist í jólapakkanum frá honum. „En ég er líka alveg til í að fá fullt af fötum í jólagjöf. Bara allt í bland. Það er pláss fyrir allt í skápnum,“ segir hún.



GJAFIR FYRIR SÆLKERA



Bragðgóðar gjafapakkningar með kertum, kryddum, tónlist og öðru góðgæti.

La Vida
Gjafir fyrir sælkera

Laugavegur 51, 101 Reykjavík sími 552 8881

KORTER

15% afsláttur
af öllum úlpum til jóla.



www.66north.is

REYKJAVÍK: Krínglan – Smáralind – Bankastræti 5 – Faxafen 12 GARDABÆR: Miðhraun 11 – AKUREYRI: Glerárgata 32

Klæddu þig vel



Bakpokar kr. 7.500.
 Mikið úrval af kvenntöskum, ferðatöskum, skjalatöskum, hönskum, beltum o.fl. á góðu verði.

*Töskur og
 handkaftúin ehf.*
 Skólavörðustíg 7, 101 Reykjavík.
 Sími 551-5814, Fax 552-9664



SKÓLAVÖRDUSTÍGUR 18 SÍMI: 562 2654



VERK SMÍÐJAN
 EIGNARLEIÐA
 HILLANDISVEGUR

Kristina
 691 6251
 kristina@verk.is

Guðlaug
 892 8713
 gudlaug@verk.is

Rósa
 822 6214
 rosa@verk.is

Þorbjörg
 664 7101
 thorbjorg@verk.is

Gallerí Kolbrúnar S. Kjarval
 Skólavörðustíg 22 101 Reykjavík S: 511-1197

Vandaðir leirmyndir í úrvali eftir Kolbrúnu S. Kjarval. Málverk eftir Maríu S. Kjarval, Lousíu Matthíasdóttur og Temmu Bell.

Ég óska viðskiptavinum mínum gleðilegra jóla og bjóð alla velkomna á Stíginn.

KSK



Próbúttakomur fyrir á milli
 Væð. 14.000

DARPHIN
PARIS



Slakandi olíur
í baðið með
HydroRELAX

Neroli
SKÓLAVÖRÐUSTÍG 6B

TÍSKUSÝNING

Velkomin á tískusýningu laugardaginn
3. desember kl. 15 fyrir utan verslunina
á Skólavörðustíg. Léttar veitingar.

15% aðventuafsláttur



TÍSKUVERSLUN

MARIA LOVISA
FATAHÖNNUÐUR

SKÓLAVÖRÐUSTÍG 6A - SÍMI 562-6999

www.marialovisa.com


Handsmíðaða skartið
hennar Önnu Maríu



**ANNA
MARÍA**
DESIGN

GULLSMÍÐUR

Skólavörðustíg 3
Sími: 551 0036



**Hnokkar
& Hnátur**
Betri barnaföt

Barnafataverslun · Skólavörðustíg 20 · sími 561 5910

Nei, nei ekki um jólin

Öll viljum við líta vel út í jólaboðunum en stundum fer ekki saman, fínasta þússíð í fataskápnum og stanslaust át eða jólaglöggs stuð. Hér má finna nokkur góð ráð til að láta sér líða vel í jólaboðunum og vera jólalegur til fara, án þess að þú hafir þig að litlu jólalegu fiffl.

■ Háir hælur gera fætur fallega og lögulega en hælarnir geta líka verið þreytandi. Þegar þú ert búin að standa á háum hælum tímunum saman fara tásurnar og hælarnir að æpa af sársauka. Því er gott að velja ekki alltof háa hæla þegar haldið er í jólaboðið. Einnig er hægt að taka með sér skó í poka til skiptanna eða til að eiga þurra skó sé jólaboðið haldið í heima-húsi. Þá sparar þú ekki allt út.

■ **Hvítt**



getur verið varasamt í jólaboðum. Oftast er mikill matur á borðum og mikið um sósur og rauðvín. Ekki má maður við slettunum á hvítan fatnað. Hengdu að minnsta kosti á þig sérvéttu eða legðu hana í kjöltuna svo þú gangir ekki um með matseðilinn framan á þér allkvöldið.

■ Skemmtilegt er að klæða sig upp í jólalitum. Græn eða rauð peysa. Passaðu samt að ofgera því ekki svo þú lítir ekki út eins og hjálparmaður jólasveinsins eða misheppnuð jóla-



málningarklessa.


■ Passaðu að velja ekki flík sem hefur einstaklega víðar ermar. Vissulega er það smekklegt en ekki viltu lenda í því að draga ermarnar ofan í matardiskinn og subba til. Hálf vandræðalegt að sópa öllum baunum upp í skyrtuermina og niður í brjóstahaldarann.

■ Sértu að fara á hlaðborð skaltu í guðanna bænum vera í viðum flíkum. Sokkabuxur með stuðningi sem kreista saman rassinn og þjappa saman magafitu er ekki góður valkostur þegar gengið er til kræsinga. Vertu í einhverju sem gefur eftir. Hafir þú laumulega hneppt frá buxunum undir jólaborðinu til að búa til pláss fyrir fullan maga er um að gera að muna eftir því að hneppa þeim til baka þegar þú stendur upp.



■ Sértu að fara í á hlaðborð eða jólaglög á veitingastað skaltu varast klæðnað sem er „þjónalegur“.

Svartar buxur við hvíta s k y r t u . Þverslaufa og vesti. Svart millisítt pils við skyrta. Með þessum samsetning-



um gætir þú hitt á að vera eins klæddur og þjónninn. Ekkert er verra en að fara á hlaðborð og gestirnir á svæðinu eru sífellt að veifa þér og biðja um vatn eða kvarta undan sósunni.

Mjúku pakkarnir fást hjá okkur



Handþrjónasamband Íslands

Skólavörðustíg 19
Laugavegi 64
Íðu, Lækjargötu 2a

www.handknit.is

■ Ef þú ert að fara í fjölskylduboð skaltu ekki klæða börnin í eitthvað sem þau vilja ekki fara í. Þó svo að þér finnst barnið þitt æðislegt í jólafötunum sem þú valdir þá líður barninu ekki vel að þurfa að klæðast einhverju sem það flílar ekki. Alveg eins og þér myndi finnst. Þar að auki verður barnið einfaldlega pirrað og væntanlega búið að rífa sig úr fötunum við fyrsta tækifæri. Og þá átt þú barnið í jólaboðinu sem vafrar um á nærfötunum með piparköku í hendinni.

■ Vertu svakalega





TÍSKA OG STÍLL
SUNNUMÖRK 2 HVERAGERÐI
S: 483 4121 GSM: 848 8127
WWW.STILISTINN.IS

PAS
 ricco vero
 88 stilistinn



Leðurjakkar verð kr. 9990
Mörg snið margir litir

FLASH

Laugavegi 54,
 sími 552 5201

Hafðu það huggulegt

Diza er lífsstílsverslun fyrir þau okkar sem vilja skapa og njóta. Bútasamsefni, bækur og tilheyrandi. Þrjónagarn, uppskriftir og smávara. Ítölsk náttföt og heimadress.



Skoðaðu úrvalið í notalegu umhverfi þar sem stressið er víðsfjarri! Vertu velkomin.

Diza
 Ingólfsstræti 6 • s. 561-4000 • www.diza.is
 opið 11-18 mánudaga til laugardaga í desember




Gjafir Jarðar

Mikið úrval af orkusteinum/kristöllum fyrir heilarann fyrir safnarann og fyrir þig.

Skartgripir settir orkusteinum.

Tarotspil, englaspil, gyðjuspil, spákúlur, slökunar CD, steinabækur, tarotbækur og andlegarbækur.

Vatnsbrunnar úr steini með kristalkúlu og ljósi.
 Borðlampar úr kristöllum/saltsteini og úrval fallelgra gjafavöru.

Gjafir Jarðar-Andlegt Gallerí • Ingólfsstræti 2 • 101 Reykjavík • Sími 517-2774



Skólavörðustíg 17a

opið 12 - 18 mán.- fös.
12 - 16 lau.

lengri opnunartími frá 15. des.

kjólar, pelsar, stígvél, töskur, belti, skart
og margt fleira.



birta

» útlit & snyrtivörur

Kynning

Heitustu kremin



DJÁLFUN FYRIR ANDLITSVÖÐVANA. Hefur myndast svoltill slappleiki við munnvikin og eru útlínur andlitsins ekki eins skýrar og áður? LIFTING CREAM hrekur burt öll slík ummerki öldrunar með því að hafa bein áhrif á vöðvana. Hinir undraverðu eiginleikar Natural Musculifter, sem eru uppistaðan í LIFTING CREAM frá Kanebo hafa örvasandi og styrkjandi áhrif á vöðva andlitsins. Upplifðu þessi einstöku andlitslyftandi áhrif; stinnari vöðva og skýrari línur.



MARBERT-IN-TENSIVE CREAM.

Þetta er einstaklega róandi og næringarríkt varnarkrem sem er fyrir alla viðkvæma og þurra húð. Kremið er mjög gott kuldakrem, hentar vel fyrir úti-vistarfólk og einnig gott fyrir börn með viðkvæma og rjóða húð. Er án allra rot-varnarefna. Hentar vel undir farða.



DIOR-HYDRA ACTION-RAKAKREMIÐ veitir húðinni góðan raka í öllum húðlögum. Þegar kremið snertir húðina drekkur hún kremið í sig. Með því að beita „aquaporin“ tækni (uppgötvun sem fékk Nóbelsverðlaun árið 2003), þá örvar kremið flutning vatns milli húðfrumna. Kremið veitir því raka í öllum húðlögum. Fínar línur hverfa, húðin verður mjúk, fersk og ljómar af vellíðan.



ORIGINS-A PERFECT WORLD. Andoxunar raka-krem með Hvítu tei gefur húðinni djúpan raka um leið og það verndar húðina gegn öldrun og mengun í umhverfinu. Inniheldur einnig c-vítamín sem gefur húðinni ljóma og jafnar húðlitinn. Mælt er með að nota A perfect world serum undir og kremið yfir til að hámarka virkni. Perfect world línur er ráðlögð fyrir blandaða húðgerð, þurra og viðkvæma húð.

Catherine Zeta-Jones ©2005 Elizabeth Arden, Inc.

My day begins at 5:01 pm.



The new fragrance

after five

from

5th avenue

Elizabeth Arden



allt fyrir útlitið

MARGRÉT R. JÓNASDÓTTIR


Jacky & Nicole

Ein skærasta stjarnan í Hollywood sem almenningur fylgist stíft með er Nicole Richie, dóttir söngvarans Lionel Richie. Nicole var annar helmingurinn í „Simple Life“ þáttunum á móti Paris Hilton. Fyrir um rúmu ári fór Nicole að grennast og réð einn frægasta og besta stílista Hollywoods; Rachel Zoe til að sjá um sig. Útkoman: þú fléttir varla tísku og/eða slúðurblaði að það sé ekki mynd af Nicole Richie! Sjá: nicole-richie.org



Plómu og ferskjulitir

ÖÐRUVÍSI JÓLAGJAFIR



FULL BÚÐ AF NÝJUM VÖRUM

REPEAT fatnaður / ZENTO skór / skart / toppar / veski / treflar / úr / LEE GALLABUXUR / INTENSIVE SPA VÖRUR FRÁ ISRAEL / LOVE LINE KREMIN FRÁ ISRAEL / HEILSUSKÖRNIR / INDULGE VARAN SEM ÓPRAH ELSKAR: Body Butter / Body Scrub / ilmkerti / baðbombur og baðkokkteilar.



ZANDRA

Zandra Gardatorgi
sími 533-3931 / 899-6669

Fyrir stuttu byrjaði stúlka kölluð Jacky sem umsjónarmaður Clinique í Debenhams. Augun dattu næstum úr mér! Hún er allveg eins og Nicole Richie. Ég er farin að stríða henni með því að kalla hana Nicole. Jacky var alveg til í að leyfa mér að mála hana í gamni og auðvitað prófaði ég að nota Clinique. clinique.com

Ég byrjaði að bera á hana Super Defense rakakrem sem vinkona mín notar og getur ekki hætt að hrósa. Á augun notaði ég mjög fallega liti; Foxy og Lucky Penny augnskugga í plómu tönnum eins og Nicole Richie er oftast með. Enda er Fjólutóninn að koma sterkur inn núna. Ég notaði svo Grape augnblyant og mjög fallegan Apricot Spice skugga sem ég setti á kinnbeinin til að fá „highlight“. Clinique gerir einstaklega góðan maskara sem lengir og þykkir; High Impact Mascara. Á kinnar setti ég; True Nude krem kinnalit og á varir ferskjulitaðan gloss; Tigerlily. Ferskjulitaðir kinnalitir og varalitir eru rosalega fallegir með fjólulituðum skuggum. Undir augun bar ég á Dior Skinflash penna sem ég er mjög hrifin af núna, sérstaklega fyrir myndatökur því hann endurkastar ljósinu. Baugar, djúpar hrukkur og finar línur virðast minni og maður verður bara miklu sætari með einum penna! dior.com



Jacky



Nicole

Njóttu þín um jólin



Vinsælustu vörur
Kanebo saman
í jólagjafapakkningu

Instant Natural Golden Glow

Frískandi litað gel sem veitir húðinni
gylltan blæ rétt eins og hún sé
sólbrún. Notist eitt og sér eða með
öðrum farða. Einnig fyrir karlmenn!

Mascara 38°C Separating and Lengthening

Nýr 38°C maskari sem þykkir og
lengir augnhárin án þess að þau
klessist saman. Þolir tár, svita og
vatn (undir 38°C) en hreinsast
auðveldlega af með volgu vatni.

Leiðbeinandi verð: kr. 3.900

Kanebo
INTERNATIONAL

Elskaðu neglurnar þínar



STERKAR NEGLUR

Sterkar neglur, stöðugar neglur og neglur sem eru í jafnvægi glíma við eitt vandamál - þær geta orðið of harðar. NailSpa Manicure býður upp á öfluga meðferð fyrir allar gerðir af nöglum og einnig vernd við að halda náttúrulegri fegurð naglanna. Ennfremur býður NailSpa Manicure upp á fullkominn grunn fyrir sterkar og stöðugar neglur sem skortir oft raka.



BROTHÆTTAR NEGLUR

Brothætt nögl er bitlaus og hefur oft glærar rákir langsum og táknrænan lóðréttan klofning sem aðskilur ólík lög naglarinnar. Náttúrulegt vax úr mangó og karite, rósavatn og nýr keratín rakagjafi úr sjónum dekra við neglurnar með einstakri samsetningu virkra innihaldsefna í naglasnyrtivörum.



LINAR NEGLUR

Lin nögl er slétt og glansandi og ljós eða hvít á lit þar sem hún stendur fram af fingrinum. Hún virðist oft vera flöt séð frá hlið eða jafnvel skeiðarlaga. Naglaplátan er fitug og línan á milli naglaplötunnar og þess sem stendur framaf - naglamótin - eru óreglulega löguð.



NailSpa er fyrsta byltingarkennda varan sem sameinar framúrskarandi naglaumhirðu og þekkingu á ilmmeðferð. Þessi einstaka blanda sérfræðipekkingar, verðmætrar samsetningar virkra efna og upplifunar á frábærum ilmi, ilm kjarnaolíu og áferð sem sléttir, breytir handsnyrtingu í vellíðan sem gerir þig fullkomlega ánægða.

Anti - Aging Ridge Filler

Ilmmeðferð með lótusblómi + hvítu tei + aloe vera
Grunnlag til verndar til að slétta djöfnur og rákir í nöglinni. Innihaldsefni gegn öldrun vernda gegn rakatapi og auka móttöduafli naglarinnar.



Mango Nail Serum - Öflugt naglaserum.

Blanda fyrir neglur með framandi ilmi itkatrés og mangó fyrir öflugna naglasnyrtingu og örvun á vexti nagla. Lótusblómakraftur hreinsar húðina og verndar sprungin naglabönd. Ilmkjarnaolíur sem og endurnærandi og nærandi innihaldsefni halda teygjanleika naglanna og gera þær um leið sterkari.



Coco Mango Nail Butter

Öflugt naglakrem
Ilmmeðferð með lótusblómi + grænu tei.
Mangósmjör, shea butter, jojoba olía. Feit, kraftmikil naglameðferð fyrir neglur sem hafa verið undir álagi. Frábær kókoshnetu-mangóilmur. Verndar gegn ofþornun og sprungum í naglaböndum.



Biotin Nail Hardener

Naglaherðir fyrir jafnvægi
Ilmmeðferð með rós + biotin
Bætir upp skort í næringarefnum í brothættum nöglum og stuðlar að stöðugum vexti nagla með februnarvítamíns biotin. Með fjölda fitusýra, kemur rósaberjaolfa jafnvægi á náttúrulegt fituinnihald naglanna og dregur úr tapi á mikilvægum raka.



alessandro
INTERNATIONAL

NailSpa Control fyrir linar neglur býður upp á valdar vörur fyrir sérstakar þarfir og ákjósanlegan stuðning fyrir þessa gerð af nöglum: styrkjandi, sem örvar vöxt nagla og veitir hæfilega mikinn raka. Mjög áhrifarík náttúruleg virk innihaldsefni eins og drottningarhunangs- og lofnarblómskraftur koma nöglunum í jafnvægi og veita mikilvæg styrkjandi næringarefni.



Aðeins fáanlegt á snyrtistofum um land allt.

Fallegri með hverju ári



» Aldur skiptir ekki máli nema þú sért ostur, segja sumir og það er alveg rétt. Eftir því sem fólk eldist koma skapgerð-areinkenni oft betur í ljós og innri maður sést æ meir á ytra fasi. Þessar konur sem hér koma á eftir hafa allar reynt að láta gott af sér leiða meðfram löngum og farsælum stjörnuferli og það er ekki frá því að það skili sér í því ótrúlega unglegu útliti þeirra. Ekki skal fullyrt hér um hvort eða þá hvaða hjálparmeðlum þær beita í viðhaldi á eilífri æsku en hvað sem það er þá skilar það sér í útliti sem þrítugar konur geta öfundað þær af.

Iman Bowie lítur ekki út fyrir að vera fimmtug fyrir fimmeyring. Hún er það nú samt og virðist líta betur út með hverju árinu. Hér er hún í útgáfuteiti vegna nýju bókarinnar sinnar „The Beauty of Color“ þar sem hún fjallar um öll möguleg litbrigði húðarinnar, frá bláhvítu upp í biksvart.



Hin gullfallega Goldie Hawn veicir hér viðtöku verðlaunum sem Glamour tímaritið veitti „Konum ársins 2005.“ Hún er sextug og gefur dóttur sinni Kate Hudson ekkert eftir í skvísuskap.



Sophia Loren þótti ein fallegasta kona í heimi á síðustu öld og er enn stórglæsileg þó hún sé komin á áttræðisaldur. Hún er ennþá jafn flott í vextinum og þó sumir vilji meina að hún hafi fengið andlitslyftingu í sjútuagsafmælisgjöf er hún enn með glæsilegri konum í heimi.



Mia Farrow er sextug þrettán barna móðir og gerir aðrir betur. Hún hefur verið kennd við fjölda frægra manna, á meðal þeirra Frank Sinatra, André Previn og auðvitað Woody Allen. Mia gæti nú létilega náð sér í fleiri fræga menn en fréttir herma að hún hafi bara engan áhuga á því.

Allt sem þarf
[er magic tan]

magic TAN®

www.magic-tan-iceland.com



Þessi unglíngur er reyndar þegar nánar er að gáð leikkonan Susan Sarandon sem verður sextug á næsta ári. Hún hefur löngum verið virk í pólitísku starfi og talsmaður minnihlutahópa. Hér er hún við frumsýningu á nýjustu Harry Potter myndinni og hefur greinilega komist í æskubrunn á viðum lendum þeirrar menntastofnunar.



Þessi skutla er orðin sextug en er ennþá sami pönkarinn. Debbie Harry syngur þarna á tónleikum til styrktar rannsóknum á brjóstakrabbameini og slær ekkert af frá þeim dögum þegar hún var mesta kynbomban í rokkinu, þá þegar orðin 35 ára.

Magic Tan Reykjavík

Smárasól, Sporthúsinu
Dalsmára 9-11,
201 Kópavogur
Sími 567 8780

Magic Tan Reykjanesbæ

Nuddst. Betri lóðan
Hafnargötu 48a,
230 Keflavík
Sími 421 70 10

Magic Tan Akureyri

Snyrtist. Vita Liberata
Sunnuhlíð 12,
603 Akureyri
Sími 468 1588





hypnôse

nýi ilmurinn og þú dáleiðir alla

LANCÔME
PARIS



Best er að láta fagmann um verkíð.

Hátíðaförðun

» Hvaða snyrtivörur henta mér og hvernig nota ég þær?

Senn líður að jólum og dagatalið stútfyllist af jólaboðum. Þá lætur á sér kræla „hausverkurinn“ um rétta klæðnaðinn og hárgreiðsluna. En þar með er ekki allt upptalið. Förðun flækist fyrir mörgum konum. Alls kyns útfærslur af förðun og „útliti“ eru í boði og sumum reynist erfiðara en öðrum að finna út úr því hvað er við hæfi hverju sinni. Einföldum flækjuna, fáum okkur faglega ráðgjöf. Það er einfalt og traust. Þannig finnum við út hvaða snyrtivörur og útlit hentar okkur. Er það hið sívinsæla „náttúrulega útlit“, ljós augu og mattar varir, kynþokkafull augu og djúpir litir eða ef til vill



Hvað skal velja? Kannski er til of mikið af snyrtivörum enda er erfitt að vita hvað hentar hverjum og einum best.



Viljir þú líta glæsilega út í jólaboðinu og hafa „réttu“ útlitið sem passar þér getur þú leitað til snyrtiráðgjafa sem síðar þig til og bjargar þér frá förðunarlegum jólahyllingi.

Snyrtispegillinn



Snyrtispegillinn sem gerir förðun að léttum leik.
Fimmföld linsustækkun. Kærkomin jólagjöf.




Sigurboginn, Laugavegi 80, s. 561 1330

Slappað af í baði

» Ilmandi aðventubað kemur skapinu í lag

Nú fer senn í hönd tími ljóss og friðar. Þetta er tími sem ætti öðru fremur að einkennast af friðsæld og ró. En hversu oft snýst ekki einmitt tími aðventunnar upp í andhverfu sína, stress og þirring sem orsakast iðulega af sjálfskipuðu „jólalági“. Aðventan á ekki bara að vera amstur. Við þurfum líka að huga að innri anda okkar og sál. Höldum jafnvægi og tökumst á við aðventuna með friðsæld og ró. Ilmandi freyðibað er kjörin leið til að afstressast og halda sér í jafnvægi. Finndu þinn ilm, þín sölt og slappaðu af í ilmandi aðventubaði.



rifka
cosmetics

Þú færð gjöfina í Debenhams

Frábært úrval af Rifka fördunarvörum

Fördunarsett
ásamt veglegri tösku
kr. **5.900-**

Organizer
kr. **3.990-**

Fördunarsett ásamt kinnalita-
og augnburstum kr. **4.800-**

Penslasett
í glæsilegu veski
kr. **4.800-**

www.rifka.is

rifka
cosmetics
MAKE UP
SCHOOL

Kynntu þér Fördunarskóla Rifka
Námskeið hefst í janúar
Hringdu í síma 565-2300

GCI/ALMANTENGSSEL - GREY COMMUNICATIONS INTERNATIONAL



Fördun við öll tækifæri og ýmis námskeið

